

Desember 2020



# Áfram gakk!

Utanríkisviðskiptastefna  
Íslands

| Stjórnarráð Íslands  
| Utanríkisráðuneytið





**Stjórnarráð Íslands**  
Utanríkisráðuneytið

Áfram gakk! Utanríkisviðskiptastefna Íslands

Utanríkisráðuneytið  
Rauðarárstíg 25  
105 Reykjavík

Prentun: Pixel, umhverfisvottuð prentsmiðja

ISBN: 978-9935-9582-0-4

stjornarradid.is | utn@utn.is

Desember 2020

# Efnisyfirlit

<b>Útdráttur</b> .....	6
<b>Inngangur</b> .....	11
<b>1 Alþjóðaviðskipti á tímum heimsfaraldurs</b> .....	13
1.1 Reynt að takmarka áhrifin .....	14
1.2 Viðskiptavakt að fyrirmynd borgarþjónustu .....	15
1.3 Útvíkkað net viðskiptafulltrúa .....	16
<b>2 Staða utanríkisviðskipta</b> .....	17
<b>3 Alþjóðaviðskiptastofnunin</b> .....	24
3.1 Tæknilegar viðskiptahindranir .....	24
3.2 Mikilvægur öryggisventill .....	25
3.3 Blikur á lofti .....	28
3.4 Frjáls viðskipti forsenda þróunar .....	30
3.5 Viðskipti og jafnrétti .....	31
<b>4 Fríverslunarsamskipti Íslands við EFTA-ríkin og við ESB</b> .....	32
4.1 Fríverslunarsamskipti Íslands við EFTA-ríkin .....	32
4.2 Fríverslunarsamskipti Íslands við ESB .....	32
<b>5 Fríverslunarsamningar EFTA</b> .....	36
5.1 Áherslur Íslands .....	37
5.2 Efni og þróun fríverslunarviðræðna .....	38
5.3 Fríverslunarsamningar EFTA, viðræður og framtíðarhorfur .....	39
5.4 Viðskiptastefna Íslands og hinna EFTA-ríkjanna borin saman við viðskiptastefnu Evrópusambandsins .....	42
5.5 Þróun viðskipta við ríki sem fríverslunarsamningar hafa verið gerðir við .....	43
<b>6 Aðrir fríverslunarsamningar Íslands</b> .....	45
6.1 Hoyvíkursamningurinn .....	45
6.2 Fríverslunarsamningur við Kína .....	46
6.3 Samningur um viðskipti milli Íslands og Grænlands .....	47
6.4 Útflutningsmarkaðir utan fríverslunarnets Íslands .....	48

<b>7</b>	<b>Tvísköttunarsamningar og upplýsingaskiptasamningar á sviði skattamála</b>	51
7.1	Tvísköttunarsamningar Íslands	51
7.2	Áætlun til lengri tíma	52
7.3	Alþjóðasamningur gegn skattaflótta	53
7.4	Samningar um upplýsingaskipti vegna skattamála	54
<b>8</b>	<b>Fjárfestingasamningar</b>	55
8.1	Tvíhliða fjárfestingasamningar Íslands	56
8.2	Marghliða fjárfestingasamningar Íslands	56
8.3	Áhersla á gerð fleiri fjárfestingasamninga	57
8.4	Fjárfestingar innan EES	58
<b>9</b>	<b>Loftferðasamningar</b>	59
9.1	Flugiðnaðurinn	59
9.2	Loftferðasamningar Íslands	59
<b>10</b>	<b>Framtíðarhorfur og áskoranir á mörkuðum</b>	61
10.1	Vaxandi millistétt í nýmarkaðsríkjum	62
10.2	Breytingar á norðurslóðum	65
10.3	Áherslan á sjálfbærni	67
	<b>Heimildir</b>	70

## Myndaskrá

Mynd 1	Fjöldi íbúa í fríverslunarneti Íslands sem hlutfall af íbúafjölda jarðar .....	7
Mynd 2	Viðskiptasamningar Íslands .....	11
Mynd 3	Samanlagður inn- og útflutningur vöru og þjónustu sem hlutfall af landsframleiðslu - valin samanburðarlönd 2019 .....	17
Mynd 4	Hlutdeild ríkja og ríkjahópa í heildarutanríkisviðskiptum Íslands 2019 .....	20
Mynd 5	Vöruútflutningur eftir gjaldmiðlum 2007-2019 .....	20
Mynd 6	Vöruinnflutningur eftir gjaldmiðlum 2007-2019 .....	21
Mynd 7	Samanburður á fríverslunarneti Íslands og ESB .....	21
Mynd 8	Saga Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar .....	26
Mynd 9	Skipting heimsviðskipta með vörur eftir svæðum, 2019 .....	27
Mynd 10	Þróun heimsviðskipta með vörur eftir svæðum, 2007-2019 .....	27
Mynd 11	Heimsviðskipti með vörur eftir flokkum, 2006-2019 .....	27
Mynd 12	Heimsviðskipti með þjónustu eftir flokkum, 2006-2019 .....	28
Mynd 13	Fríverslunarkort EFTA – staða samninga í janúar 2020 .....	39
Mynd 14	Þrjár kynslóðir fríverslunarsamninga .....	40
Mynd 15	Samanlagður vöruútflutningur EFTA-ríkjanna og hlutdeild markaðssvæða .....	44
Mynd 16	Vöru- og þjónustuviðskipti við Færeyjar .....	45
Mynd 17	Hlutdeild Kína í vöru- og þjónustuútflutningi Íslands 2010-2019 .....	46
Mynd 18	Vöru- og þjónustuviðskipti við Kína .....	46
Mynd 19	Vöru- og þjónustuviðskipti við Grænland .....	47
Mynd 20	Tvísköttunarsamningar – staða samninga í janúar 2020 .....	52
Mynd 21	Fjárfestingasamningar .....	57
Mynd 22	Loftferðasamningar .....	60
Mynd 23	Hlutfall af alþjóðlegri millistétt eftir svæðum .....	62
Mynd 24	Mannfjöldaspá Sameinuðu þjóðanna .....	63
Mynd 25	Hlutfall Evrópubúa af mannfjölda jarðar .....	63
Mynd 26	Hlutfall af alþjóðlegum neysluvexti 2015-2030 .....	64
Mynd 27	Siglingaleiðir um norðurskautið sem munu opnast á næstu árum og áratugum .....	65

# Töfluskrá

Tafla 1	Stærstu vöruútflutningsmarkaðir Íslands 2019 .....	18
Tafla 2	Stærstu þjónustuútflutningsmarkaðir Íslands 2019 .....	18
Tafla 3	Inn- og útflutningur eftir helstu viðskiptalöndum og ríkjaflokkum, 2019 .....	19
Tafla 4	Samanburður á fríverslunarneti EFTA og ESB .....	22
Tafla 5	Fríverslunarsamningar sem Ísland er aðili að .....	23
Tafla 6	Nokkrar afurðir sem bera toll við innflutning til ríkja ESB .....	34
Tafla 7	Tollkvótar til ESB fyrir landbúnaðarvörur og nýting þeirra .....	35
Tafla 8	Mismunandi kynslóðir fríverslunarsamninga EFTA, yfirstandandi viðræður, hlé á viðræðum og samstarfsyfirlýsingar .....	41
Tafla 9	Samanburður á tollaumhverfi Íslands, Evrópusambandsins og hinna EFTA-ríkjanna .....	42
Tafla 10	Samanlagður vöruútflutningur EFTA-ríkjanna og hlutdeild markaðssvæða .....	44
Tafla 11	Áætlun um gerð tvísköttunarsamninga árin 2020-2024 .....	53
Tafla 12	Tíu stærstu millistéttir heims .....	64

# Útdráttur

Íslensk utanríkisviðskiptastefna hefur um árabíl miðað að því að tryggja íslenskum fyrirtækjum besta mögulega viðskiptaumhverfi á erlendum mörkuðum. Skýr stefna hefur verið mörkuð í átt að auknu viðskiptafrelsi bæði á alþjóðavettvangi og í einstökum milliríkjasamningum sem Ísland á aðild að.

Í eftirfarandi skýrslu er stuttlega gerð grein fyrir reglum WTO og stefnu Íslands á þeim vettvangi. Nær öll viðskipti milli ríkja byggjast á alþjóðalögum og reglum sem fylgt er eftir og fjallað um á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO). Að undanförmu hefur mátt greina ólgu innan alþjóðaviðskiptakerfisins sem má rekja til ákveðinnar skekkju í regluverki WTO eins og fjallað verður um hér á eftir. Ísland er áfram um að kerfið verði eft og lög og reglur verði virt, jafnt í viðskiptum sem á öðrum sviðum, og vinnur að því ásamt fleiri ríkjum.


Þá er fjallað um fríverslunarsamninga Íslands sem tryggja íslenskum útflytjendum betri aðgang að fjölda markaða um allan heim. Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið (EES) með um 500 milljónum íbúa er í raun víðtækasti og dýpsti fríverslunarsamningurinn sem Ísland á aðild að, enda þótt hann nái til fleiri sviða. Hann tryggir bæði tollfrelsi og hindranalaus viðskipti með flestar vörur og þjónustu. Óheftur aðgangur að kjölfestumarkaði okkar, innri markaði Evrópu, veitir stöðugleika í utanríkisviðskiptum og skapar um leið svigrúm og frelsi til að afla nýrra markaða fyrir vörur okkar og þjónustu.

Aðrir fríverslunarsamningar Íslands snúa að tollfrelsi eða tollalækkunum í vöruviðskiptum, draga úr viðskiptahindrunum og gera þjónustuviðskipti samkeppnishæf með því að setja ramma um réttindi þjónustuveitenda. Flestir þeirra hafa verið gerðir í samstarfi við hin þrjú aðildarríki Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA), Liechtenstein, Noreg og Sviss, en einnig hefur Ísland gert tvíhliða samninga við Kína, Færeyjar og Grænland.

Fríverslunarsamningar Íslands ná til 74 ríkja og landsvæða og tæplega 3,2 milljarða manna, rúmlega þriðjungs mannkyns. Þar af bíða þrír samningar EFTA gildistöku, við Indónesíu, Ekvador og Gvatemala. Fríverslunarsamningur EFTA og Mercosur, tollabandalags Argentínu, Brasilíu, Paragvæ og Úrúgvæ, bíður undirritunar. Samtals búa um 270 milljónir manna í ríkjum Mercosur og því útlit fyrir að fríverslunarnet Íslands nái brátt til 77 landa og 3,4 milljarða manna. Þá á EFTA í samningaviðræðum við Indland, Malasíu og Víetnam, en íbúafjöldinn í þessum ríkjum er samtals tæplega 1,5 milljarðar.

Þegar framangreindir samningar taka gildi og ef núverandi samningaviðræður EFTA skila árangri mun Ísland eiga í fríverslunarsambandi við ríki þar sem búa tæplega fimm milljarðar manna, um 2/3 hluta mannkyns.



Mynd 1 **Fjöldi íbúa í fríverslunarneti Íslands sem hlutfall af íbúafjölda jarðar**

Ýmsir aðrir samningar gegna mikilvægu hlutverki við að tryggja hagsmuni Íslands á sviði utanríkisviðskipta. Má t.d. nefna tvísköttunar- og fjárfestingarsamninga, sem draga úr áhættu og kostnaði fyrirtækja með umsvif erlendis. Fjárfestingavernd getur líka laðað að erlenda fjárfesta. Loftferðasamningar eru forsenda þess að íslensk flugfélög geti starfað á alþjóðlegum markaði og haldið uppi víðtækum flugsamgöngum við útlönd. Um þessa samninga er fjallað í skýrslunni.

COVID-19 heimsfaraldurinn hefur haft gífurleg áhrif á ýmsa þætti utanríkisviðskipta, ekki síst komur erlendra ferðamanna. Í skýrslunni er varpað ljósi á þær áskoranir sem blasa við íslenskum útflutningsfyrirtækjum í kjölfar COVID-19 heimsfaraldursins og hvernig utanríkisráðuneytið vinnur að því að takmarka skaðann eins og kostur er og aðstoða íslensk fyrirtæki á þessum erfiðu tímum.

Þá er að lokum fjallað um framtíðarmyndina og hvernig talið er að markaðir muni breytast á næstu árum. Er horft til þess hvernig búist er við að þungamiðja alþjóðlegrar fríverslunar og viðskipta haldi áfram að færast frá hefðbundnum mörkuðum í Norður-Ameríku og Vestur-Evrópu til nýmarkaðsríkja í Asíu sérstaklega, en einnig í Afríku og Suður-Ameríku.

Þótt áfram verði brýnt að sinna nærmörkuðum er ljóst að mikil tækifæri bíða íslenskra útflutningsfyrirtækja á nýmörkuðum. Gera má ráð fyrir að þungamiðja alþjóðlegrar fríverslunar og viðskipta haldi áfram að færast til austurs. Í þessum ríkjum er ört vaxandi millistétt sem hefur tileinkað sér nýjar neysluvenjur. Mikilvægt er að fylgjast vel með þróuninni á þessum mörkuðum og tryggja að net viðskiptasamninga Íslands nái til markaðssvæða þar sem spáð er mestum vexti á næstu árum.

Þá er sömuleiðis horft til norðurslóða og hvernig megi bregðast við óumflýjanlegum breytingum sem þar verða á næstu árum. Sjálfbærni verður sífelld mikilvægari í allri umræðu, ekki síst sem snýr að viðskiptum. Hvort sem horft er til norðurslóða eða loftslagsbreytinga er ljóst að atvinnulíf og stjórnvöld þurfa að taka höndum saman til að Ísland verði í fremstu röð þjóða sem sýna vilja sinn í verki þegar kemur að sjálfbærni. Ísland er norðurslóðaríki og liggja mörg spennandi tækifæri fyrir viðskipta- og efnahagslíf í nærumhverfi þessa víðfeðma svæðis.



# Frjáls alþjóðleg viðskipti undirstaða hagsældar á Íslandi


Frjáls alþjóðleg viðskipti eru undirstaða hagsældar á Íslandi. Eigi að stuðla að áframhaldandi velsæld og vexti hér á landi er nauðsynlegt að standa vörð um þær stofnanir og þá samninga sem hafa gert okkur kleift að efla utanríkisviðskipti.

Allt frá því ég var ungur drengur í Borgarnesi hef ég vitað að það er mikilvægt að vinna heimavinnuna sína vel. Þótt heimavinnan hafi kannski ekki alltaf freistað í þá daga hafa fullorðinsárin sýnt mér mikilvægi þess að búa í haginn fyrir framtíðina.

Frá því að ég tók við embætti hef ég lagt höfuðkapp á að efla utanríkisviðskipti og að standa vörð um hagsmuni útflutningsgreinanna okkar. Eitt af mínum fyrstu verkum var að greina hvernig mætti gera utanríkisþjónustuna skilvirkari og nýta fjármuni og mannafla betur til að sinna hagsmunum þjóðarinnar, innan gildandi fjárheimilda. Í kjölfar skýrslunnar *Utanríkisþjónusta til framtíðar* var m.a. lagt til að aukin áhersla yrði á fríverslun og að nýta útflutnings-tækifæri sem og eflingu viðskiptaþjónustu og hagsmunagæslu á nýmörkuðum. Ráðist var í ýmsar breytingar á grundvelli skýrslunnar. Ný lög um Íslandsstofu tóku gildi haustið 2018, Íslandsstofa var endurskipulögð og ítarleg stefnumótunarvinna átti sér stað. Útflutnings- og markaðsráð tók til starfa og samþykkti framtíðarstefnu fyrir íslenskan útflutning. Alls komu um 400 manns með beinum hætti að stefnumótuninni í gegnum 13 vinnustofur sem haldnar voru um allt land, með fulltrúum allra helstu útflutningsgreina Íslands.

Ein af höfuðáherslum mínum hefur verið að auka aðkomu atvinnulífsins að ákvarðanatöku þegar kemur að kynningar- og markaðsstarfi erlendis og tel ég framtíðarstefnuna vera gott dæmi um árangursríkt samstarf atvinnulífs og stjórnvalda. Framtíðarstefnan byggist á sex stefnumótandi áherslum þar sem lögð er áhersla á styrkleika og sérstöðu íslensks atvinnulífs og er sjálfbærni gegnumgangandi leiðarljós. Þrátt fyrir heimsfaraldur kórónuveirunnar þarf ekki að breyta neinu í framtíðarstefnunni. Áherslurnar eru þær sömu þótt aðlagð þurfi framkvæmd hennar að breyttum tímum veirunnar.

Nú þegar ákveðin reynsla er komin á allar þessar breytingar sem við höfum ráðist í frá því ég tók við embætti er ég ekki í neinum vafa að þær reyndust vera góður grunnur er við tökumst á við heimsfaraldurinn. Utanríkisráðuneytið og Íslandsstofa standa sterkari að vígi og eru betur í stakk búin að sinna mikilvægu hlutverki sínu við að efla hróður Íslands og íslensks útflutnings.



Þótt enn sé hvorki að fullu ljóst hver endanleg efnahagsáhrif heimsfaraldursins verða né hve lengi þeirra muni gæta má slá því föstu að þau verða gríðarleg og reynast mörgum útflutningsfyrirtækjum afar þung í skauti. Helsta forgangsmál utanríkisþjónustunnar við þessar aðstæður er að styðja við íslenskan útflutning með ráðum og dáð. Ég skipaði því starfshóp síðasta sumar til að fara yfir hvernig utanríkisráðuneytið getur eflt stuðning við íslensk fyrirtæki á erlendum mörkuðum. Í skýrslunni *Saman á útivelli* eru settar fram tillögur sem eru nú lagðar til grundvallar í starfi ráðuneytisins. Þannig hefur verið komið á viðskiptavakt þar sem fyrirtæki geta komist í samband við starfsfólk utanríkisþjónustunnar allan sólarhringinn árið um kring komi upp vandamál sem brýnt er að leysa án tafar. Nú er sannarlega mikilvægt að standa saman og snúa böfum saman á útivelli.

Þrátt fyrir áfallið vegna veirunnar njótum við ávinnings af viðskiptafrelsi hvort sem um ræðir aukið vöruval og lækkað verð til neytenda eða auknar skatttekjur ríkisins frá fyrirtækjum sem selja vörur og þjónustu á erlenda markaði. Hingað til höfum við talið það sjálfsagt að geta flogið til hvaða lands sem er og þeir sem sækja vinnu erlendis telja fráleitt að greiða skatt í tveimur ríkjum. Lífskjör Íslendinga byggjast á frjálsum vöru- og þjónustuviðskiptum og fjölmörg störf í landinu eru tengd utanríkisviðskiptum með einum eða öðrum hætti.

Líklega gera fáir sér þó grein fyrir því að unnið hefur verið að því áratugum saman að byggja upp alþjóðakerfið sem okkur finnst svo sjálfsagt í dag. Frá síðari heimsstyrjöld hefur smám saman verið horfið frá einangrunarhyggju með alþjóðlegum samningum, stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, svæðisbundnum fríverslunarsamningum og neti tvíhliða viðskiptasamninga. Loftferðasamningar gera millilandaflug mögulegt, tvísköttunarsamningar auðvelda einstaklingum og fyrirtækjum að starfa í fleiri en einu ríki og verndun fjárfestinga er grundvöllur erlendra fjárfestinga í íslenskum fyrirtækjum og útrás þeirra.

Eitt meginhlutverk utanríkisþjónustunnar hefur frá upphafi verið að undirbúa jarðveginn á erlendum mörkuðum fyrir stórhuga fyrirtæki og frumkvöðla. Þannig hefur það verið allt frá upphafsárum fullveldisins þegar fyrsta íslenska sendiráðið var opnað, íslenskir viðskiptaerindrekar tóku sín fyrstu skref og viðskiptasamningar við önnur ríki litu dagsins ljós.

Sú aukna áhersla sem lögð hefur verið á utanríkisviðskipti frá því ég tók við embætti hefur skilað árangri. Í stuttu máli má segja að mikilvægum áföngum hafi verið náð í samskiptum Íslands við Bandaríkin, Japan, Kína og Bretland. Ráðstafanir hafa verið gerðar til að hámarka ávinning Íslands af EES-samningnum og aukinn kraftur settur í að ljúka samningum á vettvangi EFTA.

Þá hafa íslensk stjórnvöld lagt allt kapp á að tryggja lykilhagsmuni í samstarfi og viðskiptum við Bretland þegar aðlögunartímabilinu eftir útgöngu úr EES lýkur nú um áramótin. Á grundvelli fríverslunarsamnings Íslands og Kína höfum við fjölgað útflutningstækifærum til Kína með samningum um gagnkvæma viðurkenningu heilbrigðisvottorða fyrir ákveðnar landbúnaðar- og sjávarafurðir.

*Í stuttu máli má segja að mikilvægum áföngum hafi verið náð í samskiptum Íslands við Bandaríkin, Japan, Kína og Bretland. Ráðstafanir hafa verið gerðar til að hámarka ávinning Íslands af EES-samningnum og aukinn kraftur settur í að ljúka samningum á vettvangi EFTA.*

Undanfarin misseri hefur hagsmunagæsla á vettvangi samningsins um Evrópska efnahagssvæðið verið styrkt svo að framkvæmd hans sé í samræmi við hagsmuni Íslendinga. Samningurinn er mikilvægasti viðskiptasamningur Íslands og hefur tryggt hagsmuni íslenskra fyrirtækja og borgara í aldarfjórðung. Sá ávinningur hefur fengist án þess að Ísland hafi þurft að fórna sínum hagsmunum svo nokkru nemi. Íslenska sjávarútvegsstefnan, ein aðalundirstaða hagsældar okkar, stendur sem fyrr óhöggud og á forsendum Íslands. Að sama skapi tekur landbúnaðarstefna okkar mið af íslenskum aðstæðum. Við erum ekki hluti af tollabandalagi sambandsins og getum stundað frjáls viðskipti og gert fríverslunarsamninga við þá sem okkur sýnist

Um þessar mundir eru sextíu ár frá því Fríverslunarsamtök Evrópu (EFTA) voru stofnuð og hálf öld síðan Ísland fékk aðild að þeim. Það er því ærin ástæða til að viðhalda þeim krafti sem færst hefur í viðræður á þeim vettvangi, með lokum efnislegra viðræðna við Mercosur-ríkin og útlit er fyrir að viðræður sem legið hafa niðri verði teknar upp aftur á næstunni.

Þá hef ég lagt áherslu á að horft verði til tækifæra á vaxtarmörkuðum, m.a. með þátttöku atvinnulífsins í þróunarsamvinnuverkefnum. Ákall þróunarríkja eftir erlendri fjárfestingu og viðskiptum er skýrt og ljóst að allir, bæði hið opinbera og einkaaðilar, verða að leggjast á árarnar ef Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun eiga að nást. Samstarfssjóði við atvinnulíf um Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna hefur því verið komið á laggirnar ásamt þjónustuborði hjá Íslandsstofu fyrir fyrirtæki sem hyggjast taka þátt í uppbyggingu í þróunarríkjum. Mikil áhersla verður áfram lögð á að tryggja að ávinningur af verkefnum gagnist samfélögum í þróunarríkjunum og að farið sé að lögum og reglum í hvívetna.

Því verður ekki neitað að nú um stundir eru blikur á lofti í alþjóðaviðskiptum og brýnt að herða róðurinn ef okkur á að takast að sporna við einangrunarstefnu og standa vörð um alþjóðaviðskiptakerfið. Íslensk stjórnvöld munu áfram beita sér fyrir frelsi og samvinnu af fullum krafti.

*Guðlaugur Þór Þórðarson,  
utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra*

# Inngangur

Alþjóðaviðskipti eru mikilvæg undirstaða hagvaxtar og velferðar í heiminum. Með opnun nýrra markaða og bættu aðgengi að þeim skapast ný tækifæri fyrir atvinnulífið. Stærri markaður eykur hagkvæmni og samkeppnishæfni. Aukin erlend samkeppni hvetur til meiri framleiðni, sérhæfingar og nýsköpunar og milliríkjaviðskipti auka almenn samskipti og menningarleg tengsl milli þjóða.

Allt frá lokum heimsstyrjaldarinnar hefur alþjóðasamfélagið unnið að því að auka viðskiptafrelsi og hverfa frá einangrunarhyggju með mótun regluverks sem tryggir sanngirni og jafnan ávinning ríkja af alþjóðlegum viðskiptum. Nær öll viðskipti milli ríkja byggjast því í dag á alþjóðalögum og reglum sem fylgt er eftir og fjallað um á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO).

Mikilvægt er fyrir Ísland að tryggja samkeppnishæf og aðlaðandi starfsskilyrði fyrir fyrirtæki sem starfa á alþjóðamörkuðum. Til að tryggja að íslensk fyrirtæki búi við bestu mögulegu viðskiptakjör hafa íslensk stjórnvöld unnið að því um árabíl að gera viðskiptasamninga við önnur ríki. Þannig má tryggja að þau geti áfram starfað á Íslandi.

## Mynd 2 Viðskiptasamningar Íslands

74



Fríverslunarsamningar við samtals **74** ríki og landsvæði, þar af **þrjár** sem bíða gíldistöku. Auk þess bíður einn undirritunur.

114



Loftferðasamningar og viljayfirlýsingar sem heimila flug til **114** landa, þar af **fimm** samningar undirritaðir 2018-2019.

10



Ísland hefur gert tvíhliða fjárfestingasamninga við **10** ríki auk annarra samninga sem taka til fjárfestinga.

45



Tvísköttunarsamningar við samtals **45** ríki eru komnir til framkvæmda, þ.m.t. samningur við Japan frá 2018.

Fríverslunarsamningar tryggja íslenskum útflytjendum betri aðgang að fjölda markaða um allan heim. Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið (EES) er í raun víðtækasti og dýpsti fríverslunarsamningurinn sem Ísland á aðild að, enda þótt hann nái til fleiri sviða. Hann tryggir bæði tollfrelsi og hindranalaus viðskipti með flestar vörur og þjónustu. Óheftur aðgangur að kjölfestumarkaði okkar, innri markaði Evrópu, veitir stöðugleika í utanríkisviðskiptum og skapar um leið svigrúm og frelsi til að afla nýrra markaða fyrir vörur okkar og þjónustu.

Aðrir fríverslunarsamningar Íslands snúa að tollfrelsi eða tollalækkunum í vöruviðskiptum, draga úr ónauðsynlegum viðskiptahindrunum og gera þjónustuviðskipti samkeppnishæf með því að setja ramma um réttindi þjónustuveitenda. Flestir þeirra hafa verið gerðir í samstarfi við hin þrjú aðildarríki Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA), Liechtenstein, Noreg og Sviss, en einnig hefur Ísland gert tvíhliða samninga við Kína, Færeyjar og Grænland.

Samhliða fríverslunarsamningum er mikilvægt að hafa möguleika á útflutningi á vöru og þjónustu með flugi til að geta dregið úr áhættu og kostnaði fyrirtækja í útrás með tvísköttunar- og fjárfestingasamningum. Fjárfestingavernd getur líka laðað að fjárfesta og loftferðasamningar eru forsenda þess að íslensk flugfélög geti starfað á alþjóðlegum markaði og eiga sinn þátt í því að hægt hefur verið að byggja upp ferðaþjónustu á Íslandi á undanförnum árum.

Þótt mikið hafi áunnist á undanförnum árum og áratugum er ávallt nauðsynlegt að meta áskoranir og tækifæri sem fram undan eru. Viðbúið er að þungamiðja fríverslunar haldi áfram að færast frá Vesturlöndum til austurs; óumflýjanlegar breytingar á norðurslóðum munu fela í sér miklar áskoranir en jafnframt tækifæri; og til að bregðast við loftslagsbreytingum hefur áhersla á sjálfbærni aukist til muna. Við mótun utanríkisviðskiptastefnu verður því ávallt að tryggja áfram gott samráð stjórnvalda og atvinnulífs svo að saman verði þau vel í stakk búin til að mæta áskorunum og grípa þau tækifæri sem framtíðin ber í skauti sér.

# 1 Alþjóðaviðskipti á tímum heimsfaraldurs

Efnahagsleg áhrif af völdum COVID-19 heimsfaraldursins hafa enn ekki verið metin til fulls og óvíst er hversu lengi áhrifa hans muni gæta. Þegar er þó ljóst að þau verða gífurleg um heim allan og spáir Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (AGS) í skýrslu frá því í október 2020 4,4% samdrætti á heimsvísu árið 2020 og að alþjóðaviðskipti dragist saman um meira en 10%.

Þær sóttvarnaaðgerðir sem ríki heims hafa gripið til vegna faraldursins hafa fyrst og fremst grundvallast á lýðheilsulegum sjónarmiðum fremur en efnahagslegum. Í því skyni að hægja á útbreiðslu kórónaveirunnar og í samræmi við tilmæli leiðtoga ráðs Evrópusambandsins innleiddu íslensk stjórnvöld því ferðatakmarkanir á ytri landamærum Schengen-svæðisins sem gerðu að verkum að frá og með 20. mars 2020 var öllum erlendum ríkisborgurum, nema ríkisborgurum EES og EFTA, óheimilt að koma til Íslands.

Alþjóðaviðskipti og fjárfestingar hafa ávallt byggst á þeirri grunnforsendu að fólk geti ferðast á milli staða. Áður nefndar ferðatakmarkanir og sóttvarnaaðgerðir á borð við sóttkví þýða aftur á móti að versta afkoma í sjö áratugi blasir nú við ferðabjónustu í heiminum samkvæmt minnisblaði Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) frá því í ágúst 2020.

Ísland hefur ekki farið varhluta af þessari þróun. Strax og gripið var til víðtækra ferðatakmarkana um heim allan varð ljóst að hrun blasti við í ferðabjónustu. Greinin hefur á síðustu árum markað sér sess sem mættarstólpi í hagkerfinu og skapað um 40% útflutningstekna Íslands. Sé litið til bráðabirgðatalna Hagstofunnar um vöru- og þjónustuviðskipti frá því í nóvember sjást áhrif faraldursins glögg. Á fyrstu þremur ársfjórðungum 2020 var vöru- og þjónustujöfnuður neikvæður um 30,5 milljarða en jákvæður um 109,4 milljarða á sama tímabili árið 2019. Neysla erlendra ferðamanna á Íslandi dróst saman um 64,9% fyrstu sex mánuði ársins og um 70,3% á fyrstu níu mánuðum ársins eða um 188,8 milljarða króna. Áhrifa farsóttarinnar tók að gæta í lok fyrsta ársfjórðungs en þau komu fram af fullum þunga á öðrum ársfjórðungi. Þá námu útflutningstekjur af ferðalögum 7,1 milljarði króna og lækkuðu um 74,8 milljarða króna á milli ára, eða um 91,3% á gengi hvors árs fyrir sig. Á þriðja ársfjórðungi námu útflutningstekjur af ferðalögum 28,4 milljörðum króna og lækkuðu um 91,2 milljarða króna eða um 76,3% á gengi hvors árs fyrir sig. Á fyrstu ellefu mánuðum ársins nam samdráttur í komu ferðamanna 75% miðað við sama tímabil 2019. Samkvæmt skýrslu AGS hefur efnahagslegur samdráttur verið meiri í löndum þar sem starfsemi ferðabjónustu vegur þungt. Sjóðurinn spáir því að verg landsframleiðsla dragist saman um 7,2% á Íslandi árið 2020 sem er nokkuð meira en í nágrannalöndunum. Á móti kemur er mestum vexti landsframleiðslu á Norðurlöndunum spáð á Íslandi á næsta ári eða um 4,1%.

## 1.1 Reynt að takmarka áhrifin

Ísland er útflutningsdrifið hagkerfi með lítinn innanlandsmarkað og tiltölulega fábreytta framleiðslu. Sem þjóð erum við því háð greiðum aðgangi að erlendum mörkuðum og aðföngum erlendis frá. Stór hluti af íslenskum sjávarafurðum hefur verið seldur á veitingahúsamarkaði erlendis þar sem besta verðið fæst enda er verðmæti vörunnar því meira sem hún er ferskari. Vegna almenns samdráttar og lokunar veitingastaða á mörkuðum í Evrópu og Bandaríkjunum, auk færri flugferða, hefur því dregið úr útflutningi á ferskum fiski. Á sama tíma hefur útflutningur á frystum afurðum inn á smásölumarkaði aftur á móti aukist enda heldur fólk sig meira heima við. Því færist sú neysla sem áður var inni á veitingastöðum í auknum mæli inn á heimilin.

Áhrifanna af völdum COVID-19 gætir víðar og því hefur sjaldan, ef ekki aldrei, verið mikilvægara að hlúa að útflutningsgreinum þjóðarinnar. Á tímum sem þessum er það hlutverk stjórnvalda að verja almenning og atvinnulíf fyrir efnahagslegu áfalli eins og mögulegt er. Utanríkisþjónustan hefur þess vegna lagt áherslu á að aðstoða útflutningsfyrirtæki landsins við að starfa við þessar erfiðu og ótryggu aðstæður. Þannig hafði utanríkisráðuneytið forgöngu um að setja upp leið fyrir fyrirtæki til að sækja um undanþágu frá ferðatakmarkunum fyrir ríkisborgara utan EES/Schengen sem þurfa að koma til Íslands í brýnum erindagjörðum. Kerfi var komið á þar sem fulltrúar viðskiptaskrifstofu utanríkisráðuneytisins mátu í samvinnu við atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið og Íslandsstofu hvort erindagjörð gæti talist brýn. Nokkrar aðrar stofnanir komu þar að, þar með talið Útlendingastofnun, Vinnumálastofnun og lögregluembættin í landinu. Fjöl margar umsóknir voru samþykktar á grundvelli brýnna erindagjarða þann tíma sem starfshópurinn var að störfum, sem tryggði að ýmis stór verkefni gátu átt sér stað. Má þar t.d. nefna tókur fyrir kvikmyndir og sjónvarpsþætti, erlendir aðilar komust til að fjárfesta á Íslandi eða hafa eftirlit með framkvæmdum á þeirra vegum, fræðimenn, listamenn og íþróttafólk gat komið hingað til starfa og nemendur gátu lokið við verkefni tengd Íslandi, svo dæmi séu tekin. Frá nóvember 2020 hefur umsýsla með þessu að mestu verið í höndum landamæralögreglu og ferlið því sem næst sjálfvirkt.

Þegar landamæri víða um heim tóku að lokast vorið 2020 og sífellt erfiðara var fyrir Íslendinga að fara utan í viðskiptaerindum greip utanríkisráðuneytið í samstarfi við Íslandsstofu til þess ráðs að safna upplýsingum frá íslenskum fyrirtækjum um hvert starfsfólk þeirra þyrfti einkum að ferðast. Þetta skiptir ekki síst máli fyrir hátækniyrirtæki t.d. í matvælaíðnaði og sjávarútvegi svo þau geti staðið við gerða samninga og sinnt viðhaldi, uppfærslu og viðgerðum á búnaði. Mikilvægi þess að standa vörð um samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja á þessu sviði er ótvírætt. Sérstakt átak var gert til að upplýsa fyrirtækin um ferðatakmarkanir, sóttvarnarkröfur og möguleika á að sækja um undanþágur og hefur utanríkisþjónustan þannig aðstoðað fjölda fyrirtækja að ferðast til útlanda við þessar aðstæður. Allar upplýsingar má sjá á [utn.is/ferdarad](http://utn.is/ferdarad) en þar er einnig að finna upplýsingar um möguleika fyrirtækja að sækja um undanþágur þegar um er að ræða lokun landamæra eða sóttvarnarreglur.



## 1.2 Viðskiptavakt að fyrirmynd borgarþjónustu

Utanríkisþjónustan dró mikinn lærdóm af starfsemi borgarþjónustunnar er faraldurinn stóð sem hæst. Víðtækar landamæralokanir urðu til þess að hátt í tólf þúsund Íslendingar óskuðu eftir aðstoð við að komast heim. Fjöldi starfsmanna af öllum skrifstofum ráðuneytisins var kallaður til starfa í borgarþjónustu og auk þeirra lögðust 26 sendiskrifstofur og ríflega 200 ræðismenn á árunar á meðan önnur störf voru tímabundið lögð til hliðar. Ferðaviðvaranir voru birtar á vefsíðu ráðuneytisins eða sendar með tölvupósti til þeirra sem höfðu skráð sig hjá borgarþjónustunni. Samfélagsmiðlar og neyðarsími utanríkisráðuneytisins voru vöktuð allan sólarhringinn. Þannig gat starfsfólk í ráðuneytinu sett aðkallandi mál í hendur samstarfsfólksins í Bandaríkjunum í lok dags sem síðan lét keflið ganga til sendiskrifstofa í Asíu þegar dagur rann upp þar. Þegar faraldurinn stóð sem hæst nam fjöldi aðstoðarbeiðna allt að 400 á dag. Til samanburðar má nefna að allt árið 2018 bárust 550 erindi til borgarþjónustunnar, að frátöldum fjölmörgum erindum sem sendiskrifstofur og ræðismenn afgreiddu.

Þegar mestu öldurnar tók að lægja ákvað utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra að næsta stóra verkefni yrði að auka stuðning við íslensk útflutningsfyrirtæki sem mörg sáu fram á afkomubrest. Í því skyni setti hann saman starfshóp til að skoða áhrif COVID-19 á framkvæmd utanríkisstefnu Íslands og setja fram tillögur um hvernig utanríkisþjónustan gæti lagt enn meiri áherslu á að efla útflutning á íslenskri vöru og þjónustu. Starfshópurinn lagði meðal annars til í skýrslu sinni „*Saman á útivelli*“ að komið yrði á fót, í samvinnu við Íslandsstofu, sérstakri viðskiptavakt að fyrirmynd borgarþjónustunnar. Viðskiptavaktin hóf formlega göngu sína 15. október 2020. Hún byggir á þeirri þekkingu og reynslu sem varð til við fyrrnefnt heimflutningsátak borgarþjónustunnar á fyrri hluta ársins 2020. Felur hún í raun í sér útvíkkað hlutverk borgarþjónustunnar á þann hátt að fulltrúar íslenskra fyrirtækja geti náð í starfsmann utanríkisþjónustunnar allan sólarhringinn komi upp vandamál í milliríkjaviðskiptum. Þannig veitir viðskiptavaktin íslenskum útflutningsfyrirtækjum greiða leið að viðskiptaþjónustu ráðuneytisins, sendiskrifstofa og Íslandsstofu í gegnum eina gátt árið um kring. Ljóst er að meginhlutverk viðskiptaþjónustunnar nú um stundir er að finna leiðir til að hjálpa íslenskum fyrirtækjum að starfa við þær takmarkanir sem eru í gildi vegna heimsfaraldursins og finna lausnir í takt við gildandi sóttvarnarráðstafanir hverju sinni.

### 1.3 Útvíkkað net viðskiptafulltrúa


Unnið er að því að efla og víkka út net viðskiptafulltrúa sem starfa í sendiráðum Íslands erlendis. Um áratugaskeið hefur utanríkisráðuneytið rekið viðskiptaþjónustu sem í samstarfi við Íslandsstofu hefur það hlutverk að beita utanríkisþjónustunni til stuðnings íslenskum útflutningshagsmunum. Ásamt því að tryggja hnökralausa framkvæmd viðskiptasamninga sinnir viðskiptaþjónustan beinni aðstoð við fyrirtæki þegar eftir því er leitað. Í hópi víðfeðms nets útsendra og staðarráðinna starfsmanna á 26 sendiskrifstofum í 21 landi, til viðbótar við yfir 200 ræðismenn í 92 löndum, eru sérstakir viðskiptafulltrúar. Hafa þeir það hlutverk í samstarfi við Íslandsstofu, að styðja við íslenskar útflutningsgreinar og fjárfestingar í gisti- og umdæmislöndum ásamt því að laða erlendar fjárfestingar til landsins og aðstoða íslensk fyrirtæki við leit að erlendum samstarfsaðilum. Verið er að skoða þann möguleika að þjónusta viðskiptafulltrúa verði eflað með þeim hætti að komið verði á fót kerfi útsendra viðskiptafulltrúa í sendiskrifstofum þriggja evrópskra höfuðborga: Kaupmannahöfn, París og London. Þessir tilteknu markaðir eru líklegir til þess að opnast fyrst en með því að styðjast við sambærilegt fyrirkomulag og stuðst er við í New York geta utanríkisþjónustan og Íslandsstofa sinnt stuðningshlutverki sínu enn betur.

Ísland þarf á því að halda að útflutningur vaxi umtalsvert á næstu árum. Til þess að svo megi verða þurfa allir haghafar að standa saman. Það er sameiginlegt verkefni stjórnvalda og atvinnulífs að bæta vaxtarskilyrði fyrir íslenskt athafnalíf og tryggja velsæld. Útflutningur frá Íslandi er hins vegar háður kringumstæðum á erlendum mörkuðum, fríverslunarsamningum og öðru regluverki alþjóðaviðskipta og stöðu alþjóðamála. Hann er líka háður orðspori Íslands og fótfestu í alþjóðakerfinu. Ljóst er að nýr veruleiki blasir við í kjölfar heimsfaraldursins. Sem endranær hefur eitt helsta verkefni utanríkisþjónustunnar verið að leita tækifæra fyrir íslenskt atvinnu- og efnahagslíf í útlöndum. Það verkefni er enn mikilvægara nú þegar ferðalög og eðlileg samskipti á milli landa eru takmörkuð. Því ríður á að stjórnvöld finni leiðir fyrir fyrirtæki til að geta starfað innan gildandi reglna og takmarkana og stuðli að eins eðlilegu viðskiptaumhverfi og mögulegt er.

## 2 Staða utanríkisviðskipta

Ísland er fremur opið hagkerfi, útflutningsdrifið en jafnframt háð innflutningi á ýmsum vörum. Hversu opin hagkerfi eru veltur oft á stærð þeirra, lítil hagkerfi eru opnari en þau stóru þar sem framleiðsla er fjölbreyttari. Mælt í heildarutanríkisviðskiptum sem hlutfall af landsframleiðslu er Ísland, eins og áður segir, fremur opið hagkerfi og því háð áframhaldandi frjálsum viðskiptum. Fjármálamiðstöðvar og hafnríki á borð við Lúxemborg og Singapúr skora hvað hæst á þessum mælikvarða og nema vöru- og þjónustuviðskipti margfaldri landsframleiðslu þessara ríkja.

Mynd 3 Samanlagður inn- og útflutningur vöru og þjónustu sem hlutfall af landsframleiðslu - valin samanburðarlönd 2019



Heimild: Alþjóðabankinn

Stærstur hluti viðskipta Íslands er við Evrópuríki og á það við um útflutning og innflutning á vöru og þjónustu. Samningur Evrópusambandsins (ESB) og EFTA-ríkjanna um Evrópska efnahagssvæðið (EES) er grundvöllur þessara viðskipta og hefur tryggt greiðan aðgang íslenskra útflytjenda að evrópska markaðnum í rúm 25 ár.

Á árinu 2019 fóru yfir 80% af öllum vöruútflutningi Íslendinga til Evrópuríkja og um 2/3 hlutar alls innflutnings komu þaðan. Hlutfall vöruútflutnings til Evrópusambandsríkja (ESB28) var 70,9%, en ef Bretland er undanskilið (ESB27) lækkar hlutfall Evrópusambandsins í 60,5%. Ef frá er talið Holland, sem er móttökuhöfn fyrir stóran hluta útflutnings til annarra Evrópusambandsríkja, hefur Bretland verið stærsti einstaki markaðurinn fyrir íslenskar vörur undanfarin ár.

Árið 2019 komu 50,6% tekna Íslendinga af þjónustuútflutningi frá Evrópuríkjum og rúmlega 3/4 hlutar innfluttrar þjónustu komu þaðan. Hlutfall Evrópusambandsríkja (ESB27) í þjónustuútflutningi var 32,4%, að undanskildu Bretlandi. Bandaríkin voru stærsti einstaki markaðurinn fyrir íslenska þjónustu<sup>1</sup> árið 2019 (29,7%) og Bretland sá næststærsti (11,9%).

Tafla 1 **Stærstu vöruútflutningsmarkaðir Íslands 2019 (m.kr.)**

Nr.	Land/ríkjahópur	m.kr.	%
1	Holland*	121.294,3	18,9%
2	Spánn	107.404,2	16,7%
3	Bretland	66.848,6	10,4%
4	Bandaríkin	46.677,2	7,3%
5	Frakkland	45.351,9	7,1%
6	Þýskaland	37.965,2	5,9%
7	Kanada	27.620,3	4,3%
8	Noregur	24.843,4	3,9%
9	Kína	15.914,1	2,5%
10	Danmörk	14.952,3	2,3%
11	Pólland	13.690,1	2,1%
12	Portúgal	11.843,9	1,8%
13	Rússland	9.898,7	1,5%
14	Belgía	9.500,3	1,5%
15	Nígería	8.719,9	1,4%
16	Grænland	8.066,5	1,3%
17	Japan	7.716,9	1,2%
18	Litáen	5.430,0	0,8%
19	Ungverjaland	4.536,3	0,7%
20	Færeyjar	4.474,5	0,7%
EES		479.931,7	74,8%
ESB 28		455.081,7	70,9%
ESB 27		388.233,1	60,5%
Norðurlönd**		56.965,7	8,9%
Fríverslunarnet EFTA***		43.353,7	6,8%

Tafla 2 **Stærstu þjónustuútflutningsmarkaðir Íslands 2019 (m. kr.)**

Nr.	Land/ríkjahópur	m.kr.	%
1	Bandaríkin	206.960,9	29,7%
2	Bretland	83.131,3	11,9%
3	Þýskaland	44.481,8	6,4%
4	Kanada	29.238,2	4,2%
5	Malta	26.334,4	3,8%
6	Frakkland	23.287,5	3,3%
7	Danmörk	22.657,1	3,2%
8	Noregur	21.276,3	3,1%
9	Holland	20.488,1	2,9%
10	Sáði-Arabía	19.027,6	2,7%
11	Svíþjóð	16.953,0	2,4%
12	Spánn	13.416,0	1,9%
13	Sviss	12.088,5	1,7%
14	Kína	11.745,6	1,7%
15	Belgía	11.065,4	1,6%
16	Ástralía	10.279,7	1,5%
17	Japan	9.631,0	1,4%
18	Ítalía	9.095,4	1,3%
19	Finnland	6.285,0	0,9%
20	Írland	5.775,9	0,8%
EES		330.163,7	47,3%
ESB 28		308.854,2	44,3%
ESB 27		225.722,9	32,4%
Norðurlönd**		71.731,4	10,3%
Fríverslunarnet EFTA***		71.774,1	10,3%




























\* Rotterdam er stærsta uppskipunarhöfn Evrópu og stór hluti alls útflutnings til meginlands Evrópu fer þar um. Erfitt er að meta hversu stórt hlutfall þess útflutnings sem skráður er til Hollands verður eftir í Hollandi.

\*\* Danmörk, Finnland, Noregur og Svíþjóð ásamt Álandseyjum, Færeyjum og Grænlandi.

\*\*\* Miðast við þau ríki sem EFTA hafði lokið fríverslunarviðræðum við 1.01.20, án tillits til hvenær samningar tóku gildi.  
Heimild: Hagstofa Íslands

1. Til þjónustuviðskipta telst m.a. ferðaþjónusta.

Tafla 3 **Inn- og útflutningur eftir helstu viðskiptalöndum og ríkjaflokkum, 2019 (m. kr.)**

Nr.	Land/ríkjahópur	ÚTFLUTNINGUR				INNFLUTNINGUR			
		Vörur		Þjónusta		Vörur		Þjónusta	
1	 Bandaríkin	46.677,2	7,3%	206.960,9	29,7%	68.917,5	8,5%	65.926,7	15,1%
2	 Bretland	66.848,6	10,4%	83.131,3	11,9%	51.182,8	6,3%	63.955,6	14,6%
3	 Holland*	121.294,3	18,9%	20.488,1	2,9%	56.421,2	6,9%	33.468,5	7,6%
4	 Þýskaland	37.965,2	5,9%	44.481,8	6,4%	67.273,9	8,3%	21.632,6	4,9%
5	 Spánn	107.404,2	16,7%	13.416,0	1,9%	15.823,2	1,9%	34.127,3	7,8%
6	 Noregur	24.843,4	3,9%	21.276,3	3,1%	91.819,2	11,3%	18.519,0	4,2%
7	 Danmörk	14.952,3	2,3%	22.657,1	3,2%	53.605,1	6,6%	24.005,9	5,5%
8	 Frakkland	45.351,9	7,1%	23.287,5	3,3%	19.359,6	2,4%	8.298,5	1,9%
9	 Kína	15.914,1	2,5%	11.745,6	1,7%	59.808,2	7,4%	1.655,1	0,4%
10	 Svíþjóð	3.768,4	0,6%	16.953,0	2,4%	34.786,8	4,3%	17.237,3	3,9%
11	 Kanada	27.620,3	4,3%	29.238,2	4,2%	7.801,0	1,0%	7.017,7	1,6%
12	 Pólland	13.690,1	2,1%	3.435,3	0,5%	24.305,6	3,0%	11.359,6	2,6%
13	 Ítalía	4.330,0	0,7%	9.095,4	1,3%	22.911,1	2,8%	8.801,4	2,0%
14	 Írland	2.207,3	0,3%	5.775,9	0,8%	11.883,0	1,5%	21.979,5	5,0%
15	 Belgía	9.500,3	1,5%	11.065,4	1,6%	11.154,1	1,4%	9.729,7	2,2%
16	 Ástralía	1.710,4	0,3%	10.279,7	1,5%	24.999,1	3,1%	1.427,9	0,3%
17	 Japan	7.716,9	1,2%	9.631,0	1,4%	13.215,6	1,6%	639,0	0,1%
18	 Sviss	2.132,2	0,3%	12.088,5	1,7%	7.942,0	1,0%	8.043,5	1,8%
19	*  Malta	316,9	0,0%	26.334,4	3,8%	231,6	0,0%	2.960,3	0,7%
20	 Rússland	9.898,7	1,5%	5.751,8	0,8%	6.779,6	0,8%	948,7	0,2%
26	 Færeyjar	4.474,5	0,7%	2.496,2	0,4%	3.120,9	0,4%	6.875,3	1,6%
29	 Grænland	8.066,5	1,3%	2.063,8	0,3%	3.325,6	0,4%	721,0	0,2%
40	 Nígíería	8.719,9	1,4%	22,5	0,0%	1,1	0,0%	115,3	0,0%
	EES	479.931,7	74,8%	330.163,7	47,3%	515.255,3	63,5%	316.884,8	72,4%
	 ESB 28	455.081,7	70,9%	308.854,2	44,3%	423.396,5	52,1%	298.359,0	68,2%
	 ESB 27	388.233,1	60,5%	225.722,9	32,4%	372.213,7	45,8%	234.403,4	53,6%
	 Norðurlönd**	56.965,7	8,9%	71.731,4	10,3%	195.497,2	24,1%	70.342,6	16,1%
	 Fríverslunarnet EFTA***	43.353,7	6,8%	71.774,1	10,3%	44.798,9	5,5%	20.728,2	4,7%


\* Rotterdam er stærsta uppskipunarhöfn Evrópu og stór hluti alls útflutnings til meginlands Evrópu fer þar um. Erfitt er að meta hversu stórt hlutfall þess útflutnings sem skráður er til Hollands verður eftir í Hollandi.

\*\* Danmörk, Finnland, Noregur og Svíþjóð ásamt Álandseyjum, Færeyjum og Grænlandi.

\*\*\* Miðast við þau ríki sem EFTA hafði lokið fríverslunarviðræðum við 1.01.20, án tillits til hvenær samningar tóku gildi.

Heimild: Hagstofa Íslands

Mynd 4 Hlutdeild ríkja og ríkjahópa í heildarutanríkisviðskiptum Íslands 2019 (m. kr.)




\* Miðast við þau ríki sem EFTA hafði lokið fríverslunarviðræðum við 1.01.2020, án tillits til hvenær samningar tóku gildi.

\*\* Rotterdam er stærsta uppskipunarhöfn Evrópu og stór hluti alls útflutnings til meginlands Evrópu fer þar um. Erfitt er að meta hversu stórt hlutfall þess útflutnings sem skráður er til Hollands verður eftir í Hollandi.

Útflutningsgreinar eru afar háðar gengi íslensku krónunnar þar sem samkeppnishæfni vöru og þjónustu veltur að miklu leyti á verði í þeim gjaldmiðli sem hún er seld. Þegar krónan er sterk fást færri krónur fyrir hvern bandaríkjadal eða evru þótt framleiðslukostnaður standi að miklu leyti í stað í krónum talið. Sé sterku gengi velt yfir á neytandann í hærra verði verður eftirspurnin minni. Gengi krónunnar hefur einnig áhrif á innflutninginn, sterk króna á að endurspeglast í lægra verði á innfluttum vörum.


Undanfarin ár hefur verðmæti útflutningsvöru sem seld er í bandaríkjadöllum numið nær tvöföldu verðmæti þeirrar sem seld er í evrum, í krónum talið. Hins vegar nemur innflutningur á vörum sem keyptar eru í evrum meiru en innflutningur í dollurum. Því eru utanríkisviðskipti ekki eingöngu háð gengi krónunnar heldur einnig gengi helstu útflutningsgjaldmiðla.

Mynd 5 Vöruútflutningur eftir gjaldmiðlum 2007-2019 (m. kr.)



Heimild: Hagstofa Íslands

Mynd 6 **Vöruinnflutningur eftir gjaldmiðlum 2007-2019 (m. kr.)**




Heimild: Hagstofa Íslands

Í töflu og á heimskorti hér aftar er gerður samanburður á fríverslunarsamningum EFTA annars vegar og Evrópusambandsins hins vegar, eftir ríkjum og kynslóðum samninga.<sup>2</sup>

Ártöl sem tiltekin eru í sviga gefa til kynna ár sem samningur tók gildi eða kom til framkvæmda. Ef samningurinn hefur ekki komið til framkvæmda er tilgreint það ár sem samningurinn var undirritaður eða samningaviðræðum lauk.

Mynd 7 **Samanburður á fríverslunarneti Íslands og ESB**



● Fríverslun við Ísland og ESB ● Fríverslun við Ísland en ekki ESB ● Fríverslun við ESB en ekki Ísland ● ESB

2. Nánari upplýsingar um kynslóðir samninga má finna á bls. 40.



Tafla 4 Samanburður á fríverslunarneti EFTA og ESB

	Land sem samningur nær til	EFTA	ESB
<b>Evrópa (utan EES)</b>	Albanía	3. kynslóð (2011)	2. kynslóð (2006)
	Bosnía-Hersegóvína	3. kynslóð (2015)	3. kynslóð (2015)
	Færeyjar	Samningar einstakra EFTA-ríkja við Færeyjar	1. kynslóð (1997)
	Georgía	3. kynslóð (2017)	3. kynslóð (2016)
	Kósovó		3. kynslóð (2016)
	Moldóva		3. kynslóð (2016)
	Norður-Makedónía	1. kynslóð (2002)	2. kynslóð (2004)
	Serbía	3. kynslóð (2011)	2. kynslóð (2013)
	Svartfjallaland	2. kynslóð (2012)	2. kynslóð (2010)
	Tyrkland	1. kynslóð (1992)	1. kynslóð (1997)
	Úkraína	2. kynslóð (2012)	3. kynslóð (2016)
<b>Afríka</b>	Alsír		1. kynslóð (2005)
	EAC (Búrúndí, Kenía, Rúanda, Tansanía, Úganda)		1. kynslóð (undirritaður 2014)
	ECOWAS/UMMOA (Benín, Búrkina Fasó, Fílabeinsströndin, Gambía, Gana, Gínea, Gínea Bissaú, Grænhöfðaeypjar, Líbería, Malí, Máritanía, Níger, Nígería, Senegal, Síerra Leóne, Tógó)		1. kynslóð (áritaður 2014)
	-Einnig sérstakir samningar við Fílabeinsströndina og Gana.		
	Egyptaland	1. kynslóð (2007)	1. kynslóð (2005)
	Madagaskar, Máritíus, Seychelleseyjar, Símbabve		1. kynslóð (2012)
	Marokkó	1. kynslóð (1999)	1. kynslóð (2000)
	SACU/SADC (Botsvana, Lesótó, Namibía, Suður-Afríka og Esvatíní og í tilviki ESB einnig Mósambík)	1. kynslóð (2008)	1. kynslóð (2018)
Túnis	1. kynslóð (2005)	1. kynslóð (1998)	
<b>Asía</b>	Filippseyjar	3. kynslóð (2020)	
	GCC (Sádi-Arabía, Sameinuðu arabísku furstadæmin, Barein, Óman, Katar og Kúveit)	2. kynslóð (2014)	
	Hong Kong	3. kynslóð (2012)	
	Indónesía	3. kynslóð (undirritaður 2018)	
	Ísrael	1. kynslóð (1993)	1. kynslóð (2000)
	Japan		3. kynslóð (2019)
	Jórdanía	1. kynslóð (2002)	1. kynslóð (2002)
	Líbanon	1. kynslóð (2007)	1. kynslóð (2003)
	Palestína	1. kynslóð (1999)	1. kynslóð (1997)
	Singapúr	2. kynslóð (2003)	3. kynslóð (áritaður 2014)
	Suður-Kórea	2. kynslóð (2006)	3. kynslóð (2011)
	Víetnam		3. kynslóð (undirritaður 2019)

	Land sem samningur nær til	EFTA	ESB
<b>Norður- og Suður- Ameríka</b>	CARIFORUM (Antígva og Barbúda, Bahamaeyjar, Barbados, Belís, Dóminíka, Dóminíska lýðveldið, Grenada, Gvæjana, Jamaíka, Sankti Kitts og Nevis, Sankti Lúsía, Sankti Vincent og Grenadíneyjar, Súrínam, Trínidad og Tóbagó)		3. kynslóð (2008)
	Chile	2. kynslóð (2004)	2. kynslóð (2005)
	Ekvador	3. kynslóð (2018)	3. kynslóð (2017)
	Kanada	1. kynslóð (2009)	3. kynslóð (2017)
	Kólumbía	2. kynslóð (2014)	3. kynslóð (2013)
	MERCOSUR (tollabandalag Argentínu, Brasilíu, Paragvæ og Úrúgvæ)	3. kynslóð (viðræðum lauk efnislega 2019)	3. kynslóð (viðræðum lauk 2019)
	Mexíkó	2. kynslóð (2001)	2. kynslóð (2000)
	Mið-Ameríkuríkin (Kosta Ríka, Panama og Gvatemala og í tilvikum ESB einnig El Salvador, Hondúras og Níkaragva)	2. kynslóð (2014)	3. kynslóð (2013)
	Perú	2. kynslóð (2011)	3. kynslóð (2013)
	<b>Eyjaálfa (Ástralía)</b>	Papúa Nýja-Gínea og Fídjí	

Ártöl sem tiltekin eru í sviga gefa til kynna ár sem samningur tók gildi eða kom til framkvæmda. Ef samningurinn hefur ekki komið til framkvæmda er tilgreint það ár sem samningurinn var undirritaður eða samningaviðræðum lauk.

Tafla 5 **Fríverslunarsamningar sem Ísland er aðili að**

Samningur	Undirritun	Gildistaka	Samningur	Undirritun	Gildistaka
EFTA-sáttmálinn	4.1.1960	3.5.1960	EFTA-SACU	26.6.2006	1.5.2008
Fríverslunarsamningur Íslands og ESB	28.2.1972	1.4.1973	EFTA-Kanada	26.1.2008	1.7.2009
Samningur við Danmörku um viðskipti við Grænland	31.1.1985	1.2.1985	EFTA-Albanía	17.12.2009	1.10.2011
EFTA-Tyrkland	10.12.1991	13.7.1992	EFTA-Perú	24.6.2010	1.10.2011
EFTA-Ísrael	17.9.1992	1.8.1993	EFTA-Serbía	17.9.2009	1.10.2011
EES-samningurinn	2.5.1992	1.1.1994	EFTA-Úkraína	24.6.2010	1.6.2012
EFTA-Palestína	30.11.1998	1.7.1999	EFTA-Hong Kong	21.6.2011	1.10.2012
EFTA-Marokkó	19.6.1997	1.12.1999	EFTA-Svartfjallaland	14.11.2011	1.10.2012
EFTA-Mexíkó	27.11.2000	1.10.2001	Fríverslunarsamningur Íslands og Kína	15.4.2013	1.7.2014
EFTA-Makedónía	19.6.2000	1.8.2002	EFTA-GCC	22.6.2009	1.7.2014
EFTA-Jórdanía	21.6.2001	1.9.2002	EFTA-Mið-Ameríkuríkin	24.6.2013	5.9.2014
EFTA-Singapúr	27.6.2002	1.1.2003	EFTA-Kólumbía	25.11.2008	1.10.2014
EFTA-Chile	26.6.2003	1.12.2004	EFTA-Bosnía og Hersegóvína	24.6.2013	1.1.2015
EFTA-Túnis	17.12.2004	1.6.2005	EFTA-Georgía	27.6.2016	1.9.2017
EFTA-Suður-Kórea	15.12.2005	1.9.2006	EFTA-Filippseyjar	28.4.2016	1.1.2020
Hoyvíkur-samningurinn (Færeyjar)	31.8.2005	1.11.2006	EFTA-Ekvador	25.06.2018	Hefur ekki tekið gildi
EFTA-Líbanon	24.6.2004	1.1.2007	EFTA-Indónesía	16.12.2018	Hefur ekki tekið gildi
EFTA-Egyptaland	27.1.2007	1.8.2007			

## 3 Alþjóðaviðskiptastofnunin

Á síðustu áratugum hefur margt áunnist í afnámi viðskiptahafta á heimsvísu og aukið viðskiptafrelsi skilað Íslendingum miklum ávinningi. Fyrir þjóðir eins og Ísland, sem reiða sig á utanríkisviðskipti, skiptir miklu að standa vörð um alþjóðaviðskiptakerfið og þær reglur sem ríkin hafa sett sér.

Stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) árið 1995 átti sér langan aðdraganda. Allt frá síðari heimsstyrjöld höfðu fjölmörg ríki unnið að því að efla alþjóðaviðskipti með því að draga úr og afnema þá tollmúra og viðskiptahindranir sem ríki höfðu komið á í kreppunni miklu á fjórða áratug síðustu aldar.

Fyrstu skrefin í þessa átt voru tekin á ráðstefnu bandalagsríkja í Bretton Woods árið 1944. Viðræðurnar byggðust á þeirri grundvallarhugmynd að aukin milliríkjavíðskipti myndu ekki eingöngu auka hagvöxt og velsæld heldur einnig stuðla að friði. Stöðug gjalddeyrsviðskipti voru álitin lykilþáttur ásamt nauðsynlegri uppbyggingu í Evrópu í kjölfar stríðsins.

Viðræðurnar leiddu til stofnunar Alþjóðabankans og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sem tóku til starfa 1946. Lengri tíma tók að semja um tolla og viðskiptahindranir en svokallaður GATT-samningur (Hið almenna samkomulag um tolla og viðskipti) tók gildi 1. janúar 1948. Ísland varð aðili að samningnum árið 1968.

Með stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar 1995 skuldbatt Ísland sig í fyrsta skipti til að takmarka ríkisstyrki til landbúnaðar og flytja inn kjöt og mjólkurvörur. Aðildarríkjum stofnunarinnar hefur fjölgað úr 128 í 164 frá stofnun hennar.

Alþjóðaviðskiptastofnunin grundvallast á nokkrum samningum á sviði vöruviðskipta (GATT), þjónustuviðskipta (GATS) og hugverkaréttar (TRIPS). Ásamt fleiri sértækum samningum mynda þeir regluverk um alþjóðleg viðskipti og miða að því að takmarka möguleika ríkja til að hefta viðskipti sín á milli. Þar setja aðildarríkin m.a. þak á tolla sem þau hafa heimild til að beita við innflutning, svonefnda tollbindingu. Þar eru einnig settar skorður við ríkisstyrki til landbúnaðar sem skekkja samkeppnisstöðu, einkum framleiðslutengda ríkisstyrki.

### 3.1 Tæknilegar viðskiptahindranir

Samningur um tæknilegar viðskiptahindranir (TBT) og samningur um beitingu ráðstafana um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna (SPS) eru hluti af regluverki WTO og er þeim ætlað að stuðla að sanngjörnum viðskiptum og ryðja úr vegi óþörfum viðskiptahindrunum. Tæknilegar viðskiptahindranir felast m.a. í mismunandi regluverki sem stundum kemur í veg fyrir að vara sem er framleidd í einu landi sé gjaldgeng í öðru.

Ríkjum er frjálst að innleiða reglur og eftirlit til að tryggja heilbrigði og öryggi fólks en samningarnir miða að því að það sé gert með lágmarksáhrifum á viðskipti. Dæmi um slíkar reglur eru t.a.m. kröfur um heilbrigðisvottorð fyrir ýmis matvæli og öryggiskröfur á vélar og tæki. Alþjóðlegir staðlar auðvelda samræmingu slíkra reglna. Þá er mikilvægt að gagnsæi ríki um gildandi reglur svo að fyrirtæki sem vilja selja vörur sínar á viðkomandi markaði geti farið að þeim.

Á grundvelli EES-samningsins gilda samræmdar reglur á Íslandi og í hinum EES-ríkjunum sem ryðja flestum slíkum viðskiptahindrunum úr vegi í viðskiptum ríkjanna. Stundum þarf að gera samninga um gagnkvæma viðurkenningu á reglum og eftirliti eins og Ísland hefur gert t.d. við Kína um gagnkvæma viðurkenningu heilbrigðisvottorða fyrir ákveðnar landbúnaðar- og sjávarafurðir.

Dæmi um óþarfar viðskiptahindranir eru nákvæmar reglur um útlit umbúða, flókin og hæg tollafgreiðsla og kröfur um vottorð og pappírsvinnu sem eykur hvorki öryggi né gæði vara.

## 3.2 Mikilvægur öryggisventill


Alþjóðaviðskiptastofnunin og samningarnir sem undir hana heyra auka gagnsæi og auðvelda eftirlit með alþjóðlegum viðskiptum. Hún er enn fremur vettvangur fyrir aðildarríkin til að taka upp og leysa úr ágreiningi um aðgerðir sem hamlar viðskiptum.

Skilvirkt regluverk um alþjóðleg viðskipti takmarkar möguleika stærri aðildarríkja á að nota burði sína gegn smærri ríkjum og þjónar þannig ekki síst hagsmunum smærri ríkja. Því hefur Ísland, ásamt fleiri ríkjum í sambærilegri stöðu, beitt sér fyrir því að samningarnir séu virtir og alþjóðlega viðskiptakerfið styrkt í sessi.

Á grundvelli þessa kerfis hefur síðan byggst upp víðfeðmt net fríverslunarsamninga sem stuðla að enn frekara viðskiptafrelsi ríkja á milli. Fríverslunarsamningar Íslands og EFTA eru lykillinn að bættum markaðsskilyrðum fyrir íslensk fyrirtæki í þeim ríkjum sem samið hefur verið við.


Frá því að stofnunin var sett á laggirnar hafa yfir fimm hundruð deilumál komið á borð hennar og úrlausn fengist í yfir 350 þeirra. Úrlausnarferlið er margþætt og getur aðalráð stofnunarinnar (e. General Council) t.d. komið á fót sáttanefndum eða vísað málum í gerðardóm. Áfrýjunarnefnd stofnunarinnar (e. Appellate Body) hefur veigamiklu hlutverki að gegna og eru niðurstöður hennar bindandi þegar aðalráðið hefur samþykkt þær.

Mynd 8 **Saga Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar**




Heimild: BBC (2012)

Mynd 9 Skipting heimsviðskipta með vörur eftir svæðum, 2019




Heimild: WTO

Mynd 10 Þróun heimsviðskipta með vörur eftir svæðum, 2007-2019 (ma. bandaríkjadala)




Heimild: WTO

Mynd 11 Heimsviðskipti með vörur eftir flokkum, 2006-2019 (ma. bandaríkjadala)



Heimild: WTO

Mynd 12 Heimsviðskipti með þjónustu eftir flokkum, 2006-2019 (ma. bandaríkjadala)



Heimild: WTO

Ísland er meðal aðildarríkja WTO sem vilja stuðla að enn opnara viðskiptaumhverfi. Þessi ríki hafa komið sér saman um að taka sérstaklega fyrir nokkur ný málafni, þ.e. rafræn viðskipti, stöðu smárra og meðalstórra fyrirtækja og að greiða fyrir fjárfestingum. Nýlega bættist við alþjóðaviðskipti og jafnréttismál, en Ísland hefur leitt það málafni í samstarfi við Alþjóðaviðskiptamiðstöðina (ITC) og Botsvana, eins og fram kemur í kafla 3.5. Hópur ríkja hóf einnig fjölþjóðlegar viðræður um aukið frelsi í þjónustuviðskiptum (TISA), en þær sigldu í strand með breyttum áherslum Bandaríkjanna í kjölfar embættistöku Donalds Trumps árið 2017.

### 3.3 Blikur á lofti

Bandaríkin hafa löngum verið helsti bakhjarl alþjóðaviðskiptakerfisins. Undanfarin misseri hefur þó gagnrýni bandarískra stjórnvalda á WTO og kerfið í heild sinni farið vaxandi. Þessa óánægju má að einhverju leyti rekja til inngöngu Kína í WTO árið 2001 sem hafði mikil áhrif á alþjóðaviðskipti án þess að kínversk stjórnvöld hefðu að mati margra að fullu innleitt nauðsynlegar breytingar heima fyrir eða hlýtt tilmælum stofnunarinnar nægilega vel.<sup>3</sup> Bandaríkin telja þetta raska samkeppnisstöðu aðildarríkja stofnunarinnar og hafa á undanförunum misserum gripið til aðgerða til að knýja á um breytingar og takmarka umsvif WTO sem að þeirra mati hefur teygt sig of langt.

Enda þótt mörg vestræn ríki séu sammála gagnrýni bandarískra stjórnvalda um nauðsynlegar úrbætur óttast sum þeirra að aðgerðirnar geti grafið undan kerfinu. Því vinna mörg Evrópuríki að því að ná sátt um umbætur á viðskiptareglum sem munu gera stofnuninni kleift að taka á málum tengdum ríkisstyrktum fyrirtækjum og brotum á hugverkaréttindum sem gildandi regluverk tekur ekki á með fullnægjandi hætti.

3. China Power Team. „How influential is China in the World Trade Organization?“ China Power, 2019. [chinapower.csis.org/china-world-trade-organization-wto](http://chinapower.csis.org/china-world-trade-organization-wto)



Óánægja bandarískra stjórnvalda undir forystu Trumps forseta endurspegladist í aðgerðum sem leitt hafa til tollastríðs við Kína, Evrópusambandið og önnur ríki. Þótt skref hafi verið tekin í átt að samkomulagi milli Bandaríkjanna og Kína er ekki örgrannt um að þær áhyggjur hafi endurspeglast á fjármálamörkuðum.

Aðgerðir bandarískra stjórnvalda lúta einnig að deiluúrlausnarkerfi WTO og því er farvegur fyrir lausn ágreiningsmála í WTO í uppnámi um þessar mundir. Þar hefur verið tekist á um störf áfrýjunarnefndar WTO sem tekur bindandi ákvarðanir í deilumálum. Gagnrýni bandarískra stjórnvalda lýtur einkum að því hvort dómara hafi starfað innan þess umboðs sem þeir hafa frá aðildarríkjum. Bandaríkin hafa því um nokkurt skeið staðið í vegi fyrir skipun dómara í nefndina sem venjulega er skipuð sjö meðlimum og eru þrír þeirra valdir til að fjalla um hvert þeirra mála sem tekin eru fyrir. Nefndin varð óstarfhæf 11. desember 2019 þar sem ekki tókst að semja um skipun nýrra dómara.

Afstaða íslenskra stjórnvalda hefur um langt skeið grundvallast á samheldni Vesturlanda um fríverslun og frelsi sem byggst hefur upp allt frá síðari heimsstyrjöld og þeim ávinningi sem það skilar þjóðarbúinu. Því er Ísland í þeim hópi ríkja sem vilja vinna að endurbótum en standa jafnframt vörð um þann árangur sem hefur náðst frá síðari heimsstyrjöld.

### **Bandaríkin, Kína og WTO**

Við inngöngu Kína í Alþjóðaviðskiptastofnunina árið 2001 var strax ljóst að landið var um margt sérstakt tilfelli sem passaði illa inn í ríkjandi regluverk. Um var að ræða miðstýrt einflokksríki þar sem sjálfstæði dómstóla var minna en þekkist meðal vestrænna þjóða og ríkisfyrirtækjum var ætlað leiðandi hlutverk við framkvæmd atvinnuáætlunar ríkisins. Gríðarlegur mannfjöldi og afar ójöfn efnahagsþróun eftir landshlutum flækti stöðuna enn frekar. Ríkjandi verslunarveldi á borð við Bandaríkin, ESB og Japan lögðust lengi vel gegn fullri aðild Kína en efnahagsaðgerðir kínverskra stjórnvalda á tíunda áratugnum, þar sem einkaframtakinu var gefið vægi og valdheimildir ríkisins til markaðsáhriflutunar voru takmarkaðar, sköpuðu hins vegar bjartsýni um aukna frjálslyndishugsun meðal kínverskra leiðtoga og urðu til þess að draga úr andstöðunni. Aðildarferli Kína og fyrstu árin eftir fulla aðild fólu vissulega í sér umfangsmiklar efnahagsumbætur á kínverskum markaði en þarlend stjórnvöld hafa eftir sem áður verið gagnrýnd fyrir skort á efndum mikilvægra skuldbindinga sem aðildarsamningur þeirra kvað á um. Kína hefur einnig verið sakað um að nýta sér stöðu sína sem þróunarríki með ósanngjörnum hætti við að hlífa innlendum fyrirtækjum fyrir erlendri samkeppni. Vonir sem uppi voru um að frekari samþætting Kína inn í alþjóðlegt regluverk utanríkisverslunar myndi leiða til vaxandi efnahags- og stjórnmálafrelsis þar í landi hafa ekki gengið eftir, heldur hefur kínverska ríkið þvert á móti tekið að sér sífellt stærra hlutverk í efnahagsmálum undanfarin ár. Bandaríkin hafa verið leiðandi í gagnrýni á Kína innan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar og m.a. sakað kínversk stjórnvöld um ítrekaða ólögmeða ríkisaðstoð, skort á efndum um aukinn markaðsaðgang að kínverskum þjónustumarkaði, veika hugverka-vernd og ósanngjarnar kröfur um tæknifyrfærslu á hendur erlendra fyrirtækja.

Bandaríkin halda því fram að áfrýjunarnefnd Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar hafi ekki brugðist við þessari háttsemi með viðeigandi hætti og hafa m.a. þess vegna neitað að samþykka skipun nýrra dómara í nefndina þar til breytingar verði gerðar á starfsháttum hennar. Í kjölfar embættistöku Donalds Trumps árið 2017 átti sér stað áherslubreyting á framfylgd bandarískrar viðskiptastefnu. Stjórnvöld í Washington hafa dregið úr áherslu á Alþjóðaviðskiptastofnunina sem vettvang til að taka á viðskiptaháttum Kína og hafa heldur látið reyna á tvíhliða viðskiptaviðræður og refsitolla sem tæki til að knýja á um kerfisbreytingar innan kínverska hagkerfisins. Í kjölfar innanlandsrannsóknar á viðskiptaháttum Kína hófu bandarísk stjórnvöld að setja verndartolla á kínverskan innflutning um mitt ár 2018 og Kína svaraði í sömu mynt stuttu síðar. Deilan stigmagnaðist næsta eina og hálfu árið en í lok árs 2019 komust ríkin að samkomulagi sem kvað á um aukin kaup kínverskra fyrirtækja á bandarískum útflutningsvörum auk þess sem Kína skuldbatt sig til að styrkja hugverkavernd og draga úr kröfum á tækniyfirfærslu. Fyrirhugaðar voru frekari viðræður um viðtækari samning sem ætlað var að taka á kerfislægum þáttum eins og útbreiddri ríkisaðstoð innan kínverska hagkerfisins en þær umleitanir hafa ekki komist á skrið, m.a. sökum heimsfaraldurs COVID-19.

### 3.4 Frjáls viðskipti forsenda þróunar

Samningalotan sem nú stendur yfir hófst í Doha í Katar árið 2001. Samningsumboðið er víðtækt og hafa mörg ríki sett markið hátt, sérstaklega hvað varðar afnám ríkisstyrkja í landbúnaði. Ísland hefur beitt sér fyrir frjálsum viðskiptum, lægri tollum og afnámi ríkisstyrkja í sjávarútvegi. Ísland er raunar eina aðildarríki Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) sem veitir enga ríkisstyrki og fær skatttekjur af sjávarútvegi. Íslensk stjórnvöld hafa jafnframt lagt áherslu á að tekið verði tillit til lakrar samkeppnisstöðu landbúnaðar á harðbýlum svæðum.

Líkt og Íslendingar þekkja af eigin raun eru frjáls viðskipti forsenda efnahagslegra framfara. Þannig er kveðið á um að standa skuli vörð um þau bæði í heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna og í svonefndri Addis Ababa-áætlun um fjármögnun þróunar. Í samningsumboðinu frá Doha var tekið fram að í viðræðunum bæri að taka sérstakt tillit til mismunandi þróunarstigs ríkja. Tekist er m.a. á um hversu langt beri að ganga í því að veita þróunarríkjum sérstaka ívilnun og er það dragbítur á framhald viðræðnanna.

Á ráðherrafundi aðildarríkja WTO á Balí árið 2013 var ákveðið að þau iðnríki sem ekki höfðu þá þegar heimilað tollfrjálsan innflutning á að minnsta kosti 97% tollskrárnúmera vegna innflutnings frá minnst þróuðu ríkjum (LDC-ríkin/e. Least Developed Countries) skyldu gera svo hið fyrsta. Í samræmi við það voru á árinu 2018 samþykktar á Alþingi breytingar á tollalögum sem fela í sér tollfrelsi á 97% allra tollskrárnúmera vegna vöru sem flutt er inn frá þessum ríkjum.

### 3.5 Viðskipti og jafnrétti

Ísland, ásamt Síerra Leóne og síðar Botsvana, hefur leitt sérstakt átak til að efla stöðu kvenna í alþjóðaviðskiptum, stuðla að efnahagslegri valdeflingu þeirra og auka jafnrétti kynjanna, í samstarfi við Alþjóðaviðskiptamiðstöðina (e. International Trade Center ITC). Rúmlega 120 ríki studdu yfirlýsingu þessa efnis á ráðherrafundi WTO í Argentínu í desember 2017. Í kjölfarið hófst vinna að áframhaldandi stefnumótun og hafa nokkrir viðburðir verið skipulagðir í því samhengi. Ísland hélt einn slíkan í mars 2019 þar sem fjallað var um jafnréttismál í fríværslunarsamningum. Skýrsla um niðurstöðu vinnunnar kom út í lok árs 2020 og markar upphaf næsta þáttar í starfinu.

Á fundi starfshópsins í september 2020 náðist sá mikilvægi áfangi að málið var fært á dagskrá WTO með stofnun vinnuhóps um Viðskipti og jafnrétti í WTO (e. Informal Working Group on Trade and Gender). Vinnuhópurinn er opin öllum aðildarríkjum WTO og flokkast með öðrum vinnuhópum sem vinna að hinum ýmsu málefnum sem tengjast viðskiptum og sett hafa verið á laggirnar að frumkvæði hópa aðildarríkja. Vinnuhópurinn mun vinna að því að deila þeim leiðum sem hin mismunandi ríki hafa farið í til að auka þátttöku kvenna í viðskiptum, skilgreina hvernig nota eigi kynjagleraugun til að greina stöðuna í alþjóðaviðskiptum og í starfi WTO, afla kyngreindra gagna frá skrifstofu WTO, greina gögnin og finna leiðir til þess að styðja best við vinnu WTO við framkvæmd Aid for Trade verkefnisins.

Vinnuhópurinn tók til starfa 10. desember 2020 og var skýrslan um framkvæmd Buenos Aires yfirlýsingarinnar kynnt og lögð til grundvallar fyrir verkefni vinnuhópsins.



Guðlaugur Þór Þórðarson, utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra, ásamt starfssystkinum og framkvæmdastýru Alþjóðaviðskiptamiðstöðvarinnar við undirritun samkomulags um jafnrétti og viðskipti á fundi aðildarríkja Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar í Buenos Aires 2017.

## 4 Fríverslunarsamskipti Íslands við EFTA-ríkin og við ESB

### 4.1 Fríverslunarsamskipti Íslands við EFTA-ríkin

Ísland gerðist aðili að EFTA árið 1970. Meðal þess sem felst í aðildinni er greiður markaðsaðgangur fyrir íslenskar afurðir á markaði hinna EFTA-ríkjanna (Liechtenstein, Noregur og Sviss). Þannig kveður samningurinn á um fullt tollfrelsi fyrir iðnaðarvörur og sjávarafurðir. EFTA-ríkin veita hvert öðru einnig gagnkvæm tollfríðindi fyrir ýmsar landbúnaðarafurðir, þó þannig að tollvernd er viðhaldið hvað varðar viðkvæmar afurðir.

### 4.2 Fríverslunarsamskipti Íslands við ESB

Í fríverslunarsamningi Íslands og ESB (þá EBE) frá 1973 var kveðið á um tollfrelsi fyrir iðnaðarvörur og tollfrelsi og tollfríðindi fyrir ýmsar íslenskar sjávarafurðir við innflutning þeirra til ESB.

Með EES-samningnum var síðan komið á fót sameiginlegu efnahagssvæði sem byggist á frjálsum vöruflutningum, frjálsri för launafólks, frjálsri þjónustustarfsemi og staðfesturétti, ásamt frjálsum fjármagnshreyfingum (fjórþætta frelsið). EES-samningurinn byggist á því að hvarvetna innan EES gildi sömu reglur á þeim sviðum sem samningurinn nær yfir. Af þessu leiðir að þeim ríkjum sem eiga aðild að EES-samningnum ber að innleiða í löggjöf sína þær reglur sem samþykktar hafa verið á vettvangi EES-samstarfsins. Ekki verður fjallað hér um efni EES-samningsins í heild sinni en þess í stað látið nægja að gera grein fyrir þeim tollfríðindum sem felast í samningum Íslands við ESB hvað varðar innflutning til ESB á vörum af íslenskum uppruna.

Vert er þó að hafa í huga að ávinningur EES er ekki síst í því falinn að íslenskar sjávarafurðir sæta ekki heilbrigðiseftirliti á landamærum EES-ríkja. Samkvæmt greinargerð með frumvarpi til laga um breytingu á lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, lögum um matvæli og lögum um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru (innflutningur búfjárafurða) spara íslenskir útflytjendur árlega um 4,2 milljarða kr. kostnað sem annars hlytist af slíku eftirliti vegna verðmætarýrnunar og aukins eftirlitskostnaðar útflytjenda.<sup>4</sup>

4. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, lögum um matvæli og lögum um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru (innflutningur búfjárafurða). Þskj. 1217, 766. mál, 2018-2019. Vefútgáfa Alþingistíðinda. [althingi.is/altext/149/s/1217.html](http://althingi.is/altext/149/s/1217.html)

## Iðnaðarvörur

Í fríverslunarsamningi Íslands og ESB (þá EBE) frá 1973 var sem fyrr segir kveðið á um tollfrelsi fyrir iðnaðarvörur. EES-samningurinn kveður einnig á um tollfrelsi fyrir hvers kyns iðnaðarvörur af íslenskum uppruna.

## Sjávarafurðir

Í bókun 6 við fríverslunarsamning Íslands og ESB (þá EBE) frá 1973 var kveðið á um umtalsverð tollfríðindi fyrir íslenskar sjávarafurðir sem fluttar eru inn til ESB. Þannig voru tollar t.d. felldir niður af frystum flökum af hvers kyns afurðum úr sjó, lifur og hrognum, kældri, frystri, þurrkaðri og saltaðri rækju, lýsi og fiski-mjöli. Þá var tollur lækkaður af kældum og frystum karfa og tilreiddri og niður-soðinni síld.

Í bókun 9 við EES-samninginn eru veitt víðtæk tollfríðindi fyrir sjávarafurðir og í þeim efnum gengið talsvert lengra en gert var með þeim tollaívílnunum sem veittar voru í fríverslunarsamningi Íslands og ESB. Þannig er tollur t.d. felldur niður af heilum afurðum, nýjum, kældum eða frystum, sem og nýjum eða kældum flökum af þorski, ýsu, lúðu og grálúðu. Jafnframt er tollur felldur niður af söltuðum eða þurrkuðum þorski og þorsklökum. Einnig er kveðið á um 70% tollalækkun á allar aðrar sjávarafurðir. Þó eru einstakar tegundir sjávarafurða undanþegnar tollfríðindum, þ.m.t. lax, síld, makrill og rækja. Tekið er fram að tollfríðindi á sjávarafurðir skv. bókun 6 við fríverslunarsamninginn frá 1972 haldi sér, að því marki sem þau eru betri en felast í umræddri bókun 9 við EES-samninginn.

Auk tollfrelsis og tollalækkana á grundvelli EES-samningsins og fríverslunarsamningsins frá 1972 hefur ESB einnig veitt Íslandi tollfrjálsa kvóta fyrir tiltekna afurðir. Þeir tollkvótar eru m.a. tilkomnir sem bætur til handa Íslandi vegna lakari aðgangs að mörkuðum einstakra Evrópuríkja í kjölfar aðildar þeirra að ESB. Einnig hefur verið samið um tiltekna tollkvóta í tengslum við greiðslur í Uppbyggingasjóð EES. Tollfrjálsir kvótar eru þannig til staðar fyrir m.a. fersk karfaflök, frystan humar og niðursoðna lifur.

Þrátt fyrir greiðan markaðsaðgang fyrir flestar íslenskar sjávarafurðir inn til ESB vantar enn nokkuð upp á að fullt tollfrelsi hafi náðst. Þróunin á alþjóðavísu á undanförunum árum hefur verið í átt að auknu frelsi í viðskiptum með sjávarafurðir og má í því sambandi nefna að í nýlegum fríverslunarsamningum ESB við Kanada annars vegar og Japan hins vegar er kveðið á um fullt tollfrelsi fyrir slíkar afurðir. Íslensk stjórnvöld telja því fullt tilefni til endurskoðunar á þeim tollum sem enn eru til staðar fyrir innflutning íslenskra sjávarafurða til ríkja ESB og hafa þau óskað eftir viðræðum við sambandið um endurskoðun á þeim tollum.

Tafla 6 Nokkrar afurðir sem bera toll við innflutning til ríkja ESB

Vöruliður	Lýsing	MFN tollur	Núverandi tollur
0302.11	Ferskur, heill eldissilungur	12%	3,6%
0302.12	Ferskur, heill eldislax	2%	2%
0302.22	Ferur, heill skarkoli	7,5%	2,2%
0302.23	Fersk, heil sóflúra	15%	4,5%
0302.40	Fersk, heil síld	15%	15%
0302.64	Ferskur, heill markríll	20%	20%
0302.89	Ferskur, heill steinbitur	15%	4,5%
0303.32	Heilfrystur skarkoli	15%	4,5%
0303.51	Heilfryst síld	15%	15%
0303.74	Heilfrystur makríll	20%	20%
0304.79	Heilfryst loðna	12,4%	3,7%
0304.19	Fersk karfaflök	18%	5,4%
0304.19	Fersk silungsflök	12%	3,6%
0304.53	Ferskur þorskur/ýsa í roðflettum bitum	15%	1,1%
0304.95	Ferskur þorskur/ýsa í roðflettum bitum	7,5%	1,1%
0305.41	Reyktur lax	13%	13%
0305.59	Hert ýsa og ýsuhausar	12%	3,6%
0305.69	Blautverkaður ufsi	12%	3,6%
1306.19	Frystur leturhumar	12%	12%
1604.12	Niðurlögð síldarflök (kryddsíldarflök), síldarbitar, niðursoðin síld, gaffalbitar	20%	10%
1604.15	Makríll, unninn eða varinn skemmdum	25%	25%
1604.20	Lax, unninn eða varinn skemmdum	5,5%	5,5%
1604.20	Niðursoðin þorsksvil	14%	3%
1604.20	Síld, unnin eða varin skemmdum	14%	10%

## Landbúnaðarvörur

Í bókun 3 við EES-samninginn er kveðið á um tollfríðindi fyrir unnar landbúnaðarvörur. Þau tollfríðindi hafa nýlega verið uppfærð hvað varðar viðskipti milli Íslands og ESB með breytingu á bókuninni sem tók gildi á árinu 2018.

EES-samningurinn hefur ekki að geyma ákvæði um niðurfellingu tolla af óunnum landbúnaðarvörum. Hins vegar er í 19. gr. samningsins tekið fram að samningsaðilar skuldbindi sig til að halda áfram viðleitni sinni til að auka smám saman frjálsræði í viðskiptum með landbúnaðarafurðir. Það hafa aðilarnir gert í formi tvíhliða samninga um tollfríðindi fyrir óunnar landbúnaðarvörur.

Að öðru leyti viðhalda samningsaðilar hvor um sig tollvernd á þær landbúnaðarafurðir sem þeir telja viðkvæmastar fyrir innflutningi.

Árið 2015 voru tvíhliða samningar Íslands og Evrópusambandsins um viðbótarfríðindi í viðskiptum með landbúnaðarvörur undirritaðir. Samningarnir tóku gildi 1. maí 2018 og kemur innleiðing aukinna tollkvóta til framkvæmda í skrefum til ársins 2021. Samið var bæði um gagnkvæmt tollfrelsi, lækkingu á almennum tolli á landbúnaðarvörum við innflutning og um tollkvóta fyrir

Íslenskar landbúnaðarvörur og landbúnaðarvörur frá löndum Evrópusambandsins. Samið var um að Ísland lækkaði toll á kjötvörum í 2. kafla tollskrár um 40% frá almennum verð- og magntolli fyrir kjötvörur sem upprunnar eru innan Evrópusambandsins.

Tollkvóti fyrir íslenskar landbúnaðarvörur sem fluttar eru til landa Evrópusambandsins er aukinn með samningnum. Tollkvóti fyrir íslenskt lambakjöt er aukinn úr 1850 tonnum í 3050 tonn, en auk þess kemur nýr 300 tonna tollkvóti fyrir unnar lambakjötsvörur. Kvóti fyrir skyr eykst úr 380 tonnum í 4000 tonn. Opnað er fyrir kvóta á ost (50 tonn), alifugl (300 tonn) og svínakjöt (500 tonn). Smjörkvótinn stækkar úr 350 tonnum í 500 tonn.

Tollkvótar sem Ísland veitir ESB undir nýju samningunum eru jafnframt auknir. Tollkvóti fyrir innflutt nautakjöt er aukinn úr 100 tonnum í 696 tonn, kvóti fyrir svínakjöt fer úr 200 tonnum í 700 tonn, alifuglakjöt (þ.m.t. sérstakur kvóti fyrir lífrænt alifuglakjöt) fer úr 200 tonnum í 1056 tonn. Innflutningskvóti á unnum kjötvörum fer úr 100 tonnum í 650 tonn og á ostum úr 100 tonnum í 610 tonn.

Að öðru leyti viðhalda samningsaðilar hvor um sig tollvernd á þær landbúnaðarafurðir sem þeir telja viðkvæmastar fyrir innflutningi.

Árið 2019 voru innflutningskvótar ESB til Íslands fullnýttir en útflutningskvótar Íslands til ESB ekki nýttir nema að hluta til. Um 57% af tollkvóta kindakjöts voru nýtt árið 2019 en þar af fóru um 64% til Bretlands, eða 36% af heildartollkvótanum. Yfir 50% af heildarútflutningi kindakjöts fer til landa ESB eða um 1500 tonn á árinu 2019. Stór hluti af því skyri og ostum sem flutt eru til ESB samkvæmt tölum Hagstofunnar fara í raun í gegnum Rotterdam inn á markaði utan ESB og teljast því ekki sem nýttur kvóti. Þá er vert að geta þess að í einingum talið eru þær vörur sem fluttar eru inn til Íslands frá ESB almennt verðmætari en þær vörur sem fluttar eru út.

Með vísan til þessa ójafnvægis og breyttra forsendna hefur utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra óskað eftir því við Evrópusambandið að samningurinn verði endurskoðaður.

Tafla 7 **Tollkvótar til ESB fyrir landbúnaðarvörur og nýting þeirra**

Vara	Vöruliður	Íslenskur kvóti 2019 tonn	Nýting 2019 tonn*	Hlutfall 2019	Útflutn. UK 2019 tonn	Áætlað hlutfall UK í nýtingu tollkvóta
Kindakjöt	0204/0210	2.650	1.509	57%	962	64% (þ.e. 36,3% heildarkvótans)
Unnið kindakjöt	úr 1602	200	0	0%	0	0%
Svínakjöt	203	500	0	0%	0	0%
Alifuglakjöt	207	300	0	0%	0	0%
Skyr	úr 0403	2.190	100	5%	0	0%
Smjör	úr 0405	426	100	23%	0	0%
Ostur	406	26	16	62%	0	0%
Pylsur o.þ.h.	úr 1601	100	0	0%	0	0%

\* Byggt á upplýsingum frá ESB, TARIC.



## 5 Fríverslunarsamningar EFTA

Stofnun Evrópubandalagsins (EBE, síðar Evrópusambandsins, ESB) 1958 og EFTA 1960 er byggð á sömu hugsjón og WTO um aukinn hagvöxt og velsæld og ekki síst, frið í Evrópu. Þau ríki sem stóðu að stofnun EFTA (Bretland, Austurríki, Danmörk, Noregur, Portúgal, Svíþjóð og Sviss) vildu byggja samvinnu ríkjanna á fríverslun inn á við og út á við en ríkin sem stóðu að aðild EBE (Belgía, Frakkland, Ítalía, Holland, Lúxemborg og Vestur-Þýskaland) vildu ganga lengra í pólitískum samruna.

Ísland varð aðili að EFTA 1970 og varð árið 1994 aðili að Evrópska efnahags-svæðinu. Með því að standa utan ESB, sem er tollabandalag, hefur Ísland fullt frelsi til að stunda fríverslun við þau ríki sem það kýs. Fjögur ríki eru enn aðilar að EFTA: Ísland, Noregur, Liechtenstein og Sviss. EFTA-sáttmálinn tryggir viðskiptafrelsi milli aðildarríkjanna fjögurra með iðnaðarvöru og sjávarafurðir og ýmsar landbúnaðarvörur. Hann nær einnig til þjónustuviðskipta.

Fríverslunarnet Íslands nær um þessar mundir til sjötíu og fjögurra ríkja, að meðtöldum þremur samningum sem bíða gildistöku. Fríverslunarsamningarnir tryggja í mörgum tilvikum tollfrjálsan aðgang fyrir íslenskar iðnaðarvörur og sjávarafurðir. Þó eru undantekningar frá fullu tollfrelsi fyrir slíkar vörur og má nefna að ýmsar sjávarafurðir bera enn tolla við innflutning til ríkja ESB.

Auk samningsins um EES og fríverslunarsamninga við Evrópusambandið hafa flestir fríverslunarsamningar Íslands verið gerðir í samvinnu við samstarfsríki okkar á vettvangi EFTA. Umfang fríverslunarviðræðna EFTA hefur farið vaxandi og samhliða því hefur mikilvægi gagnsæis og samráðs milli ráðuneyta og hagsmunaaðila heima fyrir aukist. Unnið er að því að efla þátttöku Íslands í fríverslunarviðræðum EFTA í samræmi við tillögur skýrslu utanríkisráðuneytisins, „*Utanríkisþjónusta til framtíðar*“.

Af útflutningstölum Hagstofunnar fyrir 2019 má sjá að vöruútflutningur til þeirra ríkja sem Ísland hefur þegar gert fríverslunarsamninga við nam um 86% af heildarvöruútflutningi ársins. Það hlutfall er tæp 74% þegar horft er til samantlagðs útflutnings á vöru og þjónustu. Vöru- og þjónustuútflutningur til ríkja sem Ísland hefur hafið fríverslunarviðræður við ásamt hinum EFTA-ríkjunum nam rúmum 2% af heildarútflutningi 2019. Með aðild sinni að EFTA og EES-samningnum hefur Ísland náð að tryggja afar góða samkeppnisstöðu fyrir íslensk fyrirtæki. EFTA-ríkin fjögur, Ísland, Liechtenstein, Noregur og Sviss, mynda saman níundu stærstu viðskiptablokk í heimi og í ljósi þess hafa fjölmörg ríki áhuga á fríverslunarsamningum við þau.

EFTA-ríkin hófu markvisst að gera fríverslunarsamninga við ríki utan ESB á 10. áratug síðustu aldar. Í fyrstu einbeittu EFTA-ríkin sér að fríverslunarsamningum við ríki sem ESB hafði gert fríverslunarsamninga við, einkum ríki Austur-Evrópu,



sem á þeim tíma stóðu utan sambandsins. Markmiðið þá, líkt og nú, var að tryggja samkeppnisstöðu útflytjenda EFTA-ríkjanna á erlendum mörkuðum, ekki síst gagnvart samkeppnisaðilum innan Evrópusambandsins.

Síðan þá hefur umfang fríverslunarnets EFTA aukist verulega og áherslan færst frá Evrópu til Asíu og Ameríku. Áherslan á gerð fríverslunarsamninga við ríki sem Evrópusambandið hefur samið við er enn eitt helsta leiðarstefið í stefnu EFTA á þessu sviði. Að sama skapi hefur markmiðið verið að greiða aðgang að nýjum mörkuðum, ekki síst þeim sem eru í örum vexti og talið er að muni bera uppi vöxt í heimsviðskiptum á næstu árum og áratugum. Því hefur EFTA stundum orðið fyrra til en ESB að ná fríverslunarsamningum við einstök ríki.

## 5.1 Áherslur Íslands

Markmið Íslands og hinna EFTA-ríkjanna í fríverslunarviðræðum er að samið verði um fulla fríverslun með iðnaðarvörur og sjávarafurðir. Mikill árangur hefur þegar náðst í þeirri viðleitni. Í sumum tilvikum hafa viðsemjendur EFTA þó ekki verið tilbúnir að veita fulla fríverslun með umræddar vörur eða óskað eftir aðlögunartímabili til niðurfellingar tolla. Í þeim tilvikum er af Íslands hálfu leitast við að tryggja eftir því sem unnt er að íslenskar útflutningsafurðir, bæði iðnaðarvörur og sjávarafurðir, njóti tollaniðurfellingar.

Svigrúm Íslands, eins og annarra EFTA-ríkja, hefur ávallt verið minnst á sviði landbúnaðar. Ísland hefur þó gengið lengra í fríverslun en hin EFTA-ríkin, m.a. þar sem ýmsar landbúnaðarvörur sem eru framleiddar í hinum EFTA-ríkjunum eru ekki framleiddar á Íslandi. Tollfrelsið hefur að hámarki náð til um það bil 80% af tollalínunum fyrir landbúnaðarvörur. Viðsemjendum hafa verið veittar afar takmarkaðar tollaívilnanir fyrir landbúnaðarvörur sem framleiddar eru hér á landi og nær engar fyrir kjöt, mjólkurvörur og ýmislegt grænmeti. Þó hefur verið gengið lengra í landbúnaðarsamningi Íslands við ESB en í fríverslunarsamningum Íslands á vegum EFTA þar sem Ísland hefur bæði lækkað tolla, úthlutað tollkvótum fyrir ýmsar þessar vörur og í nokkrum tilfellum tollfrelsi. Þá hefur Ísland forðast að leggja tolla á svokallaðar staðgengisvörur heldur leitast við að takmarka aðeins innflutning á landbúnaðarvörum sem framleiddar eru á Íslandi. Staðgengisvörur eru vörur með svipaða eiginleika og geta komið í stað hinnar vörunnar, svo sem hrísgrjón og kartöflur.

Í samningaviðræðum um landbúnaðarvörur er af Íslands hálfu einungis óskað eftir markaðsaðgangi fyrir þær tiltölulega fáu tegundir landbúnaðarafurða sem framleiddar eru hér á landi til útflutnings, svo sem lambakjöt, hrossakjöt, skyr, sælgæti, bjór, áfenga drykki og vatn. Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið á loka-orðið varðandi tollaívilnanir í viðræðum um landbúnaðarvörur og tekur ráðuneytið í sumum tilvikum beinan þátt í viðræðunum.

Í viðræðum um þjónustuviðskipti hefur af Íslands hálfu verið lögð sérstök áhersla á að bæta markaðsaðgang fyrir íslensk fyrirtæki sem veita þjónustu á sviði endurnýjanlegrar orku. Að frumkvæði Íslands og Noregs er sérstakur viðauki um þjónustuviðskipti í orkugeiranum jafnan lagður fram í einstökum viðræðum, en ýmis samstarfsríki EFTA, svo sem Indónesía, Malasía, Ekvador,

Mexíkó og Tyrkland, búa yfir miklum möguleikum á sviði jarðhitanýtingar. Hvað varðar aðgang erlendra aðila hér á landi hefur gildandi takmörkunum á sviði þjónustuviðskipta og fjárfestinga verið haldið til haga, t.d. varðandi fjárfestingar erlendra aðila og dvöl erlendra þjónustuveitenda. Þá eru engar skuldbindingar gerðar um aðgang erlendra þjónustuveitenda á viðkvæmum sviðum þjónustu, svo sem menntunar og heilbrigðisþjónustu.

Fríverslunarsamningarnir taka einnig til annarra þátta svo sem verndar hugverkaréttinda og opinberra innkaupa. Þá hafa EFTA-ríkin frá árinu 2010 lagt fram sérstakan kafla um fríverslun og sjálfbæra þróun í viðræðum um gerð nýrra fríverslunarsamninga og uppfærslu gildandi samninga. Í lok ársins 2017 ákváðu EFTA-ríkin að uppfæra samningsmódelið og bæta þar inn ýmsum nýjum ákvæðum sem höfðu þróast frá árinu 2010 og þróa önnur um mikilvæg málefni dagsins í dag. Ísland lagði mikla áherslu á að samhliða yrði skoðað hvort ástæða væri til að taka jafnréttisákvæði inn í fríverslunarsamninga EFTA og að sú endurskoðun yrði ekki takmörkuð við kaflann um sjálfbæra þróun. Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er lögð áhersla á að við gerð fríverslunarsamninga skuli „sérstaklega horft til þess að efla umhverfissjónarmið og mannréttindi, þ.m.t. réttindi kvenna“.

Átta nýjar greinar komu inn í samningsmódel EFTA um sjálfbæra þróun í uppfærslunni og hafa aðrar greinar verið uppfærðar. Af nýjum greinum má m.a. nefna grein um jöfn tækifæri fyrir alla, viðskipti og loftslagsbreytingar, um sjálfbæra nýtingu skóga, viðskipti og líffræðilegan fjölbreytileika, viðskipti og sjálfbæra nýtingu fiskistofna og fiskeldi og ábyrga viðskiptahætti.

## 5.2 Efni og þróun fríverslunarviðræðna


Eðli og umfang fríverslunarsamninga hefur breyst mikið á löngu árabili. Oft er greint á milli fyrstu kynslóðar fríverslunarsamninga, sem ná til vöruviðskipta og í flestum tilvikum einnig samkeppnismála og verndunar hugverkaréttinda, og annarrar kynslóðar samninga, sem ná til fleiri sviða, einkum þjónustuviðskipta, fjárfestinga og opinberra innkaupa. Annarrar kynslóðar ákvæðum tók að fjölga í fríverslunarsamningum EFTA eftir síðustu aldamót. Í þriðju kynslóð fríverslunarsamninga hafa síðan ákvæði sem lúta að t.d. umhverfismálum og vinnuvernd verið tekin upp í samningana. Stefnt er að því að auka enn frekar áhersluna á sjálfbærni og mannréttindi í samningum EFTA.

EFTA-ríkin eru ekki síst ákjósanlegur samstarfsaðili fyrir viðsemjendur vegna þess að þau semja sem heild við önnur ríki og móta sameiginlega samningsafstöðu. Þó er samið tvíhliða milli einstakra EFTA-ríkja og viðkomandi viðsemjenda um markaðsaðgang fyrir landbúnaðarvörur og um skuldbindingar einstakra EFTA-ríkja á sviði þjónustuviðskipta og fjárfestinga. Endanlegur samningur er þó heildstæður og nær til allra EFTA-ríkjana. Við mótun samningsafstöðu EFTA-ríkjana er jafnan byggt á fyrirliggjandi fyrirmyndum samninga frá fyrri viðræðum og eru þær lagðar til grundvallar nema samkomulag hafi náðst um annað.

### 5.3 Fríverslunarsamningar EFTA, viðræður og framtíðarhorfur

EFTA hefur gert 29 fríverslunarsamninga við 40 ríki og landsvæði. Samningar af fyrstu kynslóð, sem ná yfir vöruviðskipti, samkeppnismál og vernd hugverka-réttinda, eru í gildi við Egyptaland (2007), Ísrael (1993), Jórdaníu (2002), Kanada (2009), Líbanon (2007), Norður-Makedóníu (2002), Marokkó (1999), Palestínu (1999), Túnis (2005), Tyrkland (1992) og ríki í tollabandalagi Suður-Afríkuríkja, SACU (Botsvana, Lesótó, Namibía, Suður-Afríka og Esvatíní) (2008).

Mynd 13 Fríverslunarkort EFTA – staða samninga í janúar 2020



- Aðildarríki EFTA
- EFTA-fríverslunarsamningar
- ESB
- Fríverslunarsamningar einstakra EFTA-ríkja
- Fríverslunarviðræður í biðstöðu
- Fríverslunarviðræður í gangi
- Sameiginlegar samstarfsyfirlýsingar

Heimild: EFTA


Verið er að endurskoða nokkra framangreinda samninga í því augnamiði að víkka gildissvið þeirra. Ísland og Noregur eiga samráð við Kanada um að kanna útvíkkun fríverslunarsamningsins til annarra sviða, svo sem þjónustuviðskipta, fjárfestinga og opinberra innkaupa. EFTA ríkin undirrituðu endurskoðaðan samning við Tyrkland árið 2018 sem tók inn önnur svið á borð við þjónustuviðskipti, hugréttindi, sjálfbærni og opinber innkaup. Þá tekur endurskoðun á fríverslunarsamningi EFTA og SACU sérstaklega til tollfríðinda fyrir landbúnaðarvörur og upprunareglna og ákvæða um sjálfbæra þróun.

Fríverslunarsamningar af annarri kynslóð sem ná til vöruviðskipta, verndar hugverkaréttinda, samkeppnismála, þjónustuviðskipta, fjárfestinga og opinberra innkaupa eru í gildi við Chile (2004), Kólumbíu (2014), Samstarfsráð Arabaríkja við Persaflóa, GCC (Sádi-Arabía, Sameinuðu arabísku furstadæmin, Barein, Óman, Katar og Kúveit) (2014), Mexíkó (2001), Mið-Ameríkuríkin (Kosta Ríka, Panama og Gvatemala<sup>5</sup>) (2014), Perú (2011), Singapúr (2003), Suður-Kóreu (2006), Svartfjallaland (2012) og Úkraínu (2012). Samningaviðræður um útvíkkun fríverslunarsamnings við Mexíkó hófust árið 2016 og stefnt er að því að hefja samskonar viðræður við Chile.

Víðtækustu samningarnir, af þriðju kynslóð, ná auk framangreindra sviða einnig til sjálfbærrar þróunar, sérstaklega umhverfismála, vinnuverndar og jafnréttis. Slíkir samningar eru í gildi við Albaníu (2011), Bosníu-Hersegóvínu (2015), Georgíu (2017), Hong Kong (2012) og Serbíu (2011). Árið 2018 undirrituðu EFTA-ríkin slíka samninga við Ekvador og Indónesíu sem munu ganga í gildi þegar þeir hafa verið fullgiltir í aðildarríkjunum. Fríverslunarsamningur við Filippseyjar tók gildi 1. júní 2018 í þremur EFTA-ríkjum og á Filippseyjum og 1. janúar 2020 á Íslandi. Uppfærður samningur við Tyrkland var undirritaður í júní 2018 og bíður gildistöku.

Viðræðum um fríverslunarsamning EFTA og Mercosur, tollabandalags Argentínu, Brasilíu, Paragvæ og Úrúgvæ, sem hófust árið 2017 lauk efnislega haustið 2019. Sá samningur er einnig af þriðju kynslóð og er búist við að hann verði undirritaður 2021, þegar lagatæknilegri vinnu er lokið. Hægar hefur miðað í viðræðum EFTA við Indland sem hófust árið 2008, Víetnam sem hófust árið 2012 og Malasíu sem hófust árið 2014. Stefnt er að því að allir þeir samningar verði af þriðju kynslóð.

Mynd 14 Þrjár kynslóðir fríverslunarsamninga



Viðræðum við tollabandalag Rússlands, Hvíta-Rússlands og Kasakstan sem hófust árið 2011 var frestað um óákveðinn tíma í apríl 2014 sökum framferðis Rússa í Úkraínu og hafa engin frekari samskipti átt sér stað á milli aðila síðan.

5. Samningurinn hefur ekki enn tekið gildi fyrir Gvatemala.

Armenía og Kirgistan hafa frá þeim tíma gengið til liðs við tollabandalagið. Viðræður við Taíland og Alsír hafa legið niðri um árabíl en vonir standa til þess að samningaviðræður við Taíland hefjist á ný innan tíðar.

EFTA-ríkin hafa um langt skeið sóst eftir nánara samstarfi við ýmis ríki í Afríku. Á ráðherrafundi WTO í desember 2017 undirrituðu EFTA-ríkin og Nígería samstarfsyfirlýsingu, en slík yfirlýsing er að jafnaði undanfari fríverslunarviðræðna. EFTA vinnur einnig að gerð samstarfsyfirlýsingar við Austur-Afríkubandalagið (e. East African Community, Búrúndí, Kenía, Rúanda, Tansanía og Úganda) og standa samningaviðræður yfir.

EFTA hefur einnig undirritað samstarfsyfirlýsingar við Kósovó, Míritíus, Moldóvu, Mongólíu, Mjanmar, Nígeríu og Pakistan.

Tafla 8 **Mismunandi kynslóðir fríverslunarsamninga EFTA, yfirstandandi viðræður, hlé á viðræðum og samstarfsyfirlýsingar**

1. kynslóð	2. kynslóð	3. kynslóð	Yfirstandandi viðræður	Viðræður á ís	Samstarfsyfirlýsingar
Egyptaland (2007)	Chile (2004)	Albanía (2011)	Indland (2008)	Evrasiútollabandalagið (Eurasian Customs Union; Rússland, Hvíta-Rússland og Kasakstan. 2011-2014)	Míritíus (2009)
Makedónía (2002)	Kólumbía (2014)	Bosnía-Hersegóvína (2015)	Malasía (2014)	Alsír (2007-2008)	Moldóva (2017)
Marokkó (1999)	Singapúr (2003)	Filippseyjar (2020)	Víetnam (2012)	Taíland (2005-2006)	Mongólía (2007)
Palestína (1999)	Svartfjallaland (2012)	Georgía (2017)		Hondúras (Mið-Ameríkuríkin. 2012-2015)	Mjanmar (2013)
Ísrael (1993)	Mexíkó (2001)	Hong Kong (2012)			Nígería (2017)
Jórdanía (2002)	Mið-Ameríkuríkin (Kosta Ríka, Panama og Gvatemala. 2014)	Serbía (2011)			Pakistan (2012)
Kanada (2009)*	Perú (2011)	Ekvador (undirritaður 2018)			Kósavó (2018)
Líbanon (2007)*	Samstarfsráð Arabaríkja við Persaflóa (Gulf Cooperation Council, GCC; Sáði-Arabía, Sameinuðu arabísku furstadæmin, Barein, Óman, Katar og Kúveit. 2014)	Indónesía (undirritaður 2018)			Míritíus (2009)
SACU-tollabandalagið (Botsvana, Lesótó, Namibía, Suður-Afríka og Esvatíní. 2008)*	Suður-Kórea (2006)	Mercosur (tollabandalag Argentínu, Brasilíu, Paragvæ og Úrúgvæ) (viðræðum lauk efnislega 2019)**			
Túnis (2005)	Úkraína (2012)	Tyrkland (1992, uppfærður 2018)***			

\* Viðræður í gangi um uppfærslu í samning af þriðju kynslóð.

\*\* Samningur biður undirritunar.

\*\*\* Samningur biður gildistöku.

## 5.4 Viðskiptastefna Íslands og hinna EFTA-ríkjanna borin saman við viðskiptastefnu Evrópusambandsins

Evrópusambandið er tollabandalag. Í því felst að allir tollar í viðskiptum milli ríkja sambandsins hafa verið felldir niður og komið hefur verið á sameiginlegum ytri tollum vegna innflutnings frá ríkjum utan sambandsins. Ríki sambandsins hafa sameiginlega viðskiptastefnu og gera alla fríverslunarsamninga sameiginlega. Ekki er mögulegt fyrir einstök ríki sambandsins að gera fríverslunarsamninga.

EFTA-ríkin eru á hinn bóginn fríverslunarsamtök. Með stofnun samtakanna var komið á fót fríverslun á milli landanna eins og kveðið er á um í stofnsáttmálanum. Tollar hafa þó ekki verið felldir niður af öllum vörum milli ríkjanna og eru enn lagðir tollar á ýmsar landbúnaðarvörur í viðskiptum þeirra á milli. Hvert EFTA-ríki hefur jafnframt eigin tollskrá og tolltaxta vegna innflutnings frá öðrum ríkjum og sjálfstæða viðskiptastefnu. Eitt af meginmarkmiðum EFTA-samstarfsins er að gera sameiginlega fríverslunarsamninga við þriðju ríki.

Þar sem hvert EFTA-ríki hefur eigin tollskrá og sjálfstæða viðskiptastefnu er ekkert því til fyrirstöðu að einstök ríki samtakanna geri tvíhliða fríverslunarsamninga við þriðju ríki. EFTA-ríkin hafa gert nokkra slíka samninga. Þannig hafa einstök EFTA-ríki gert fríverslunarsamning við Kína (Ísland og Sviss, Noregur á í viðræðum við Kína), Japan (Sviss), og Færeyjar (Ísland, Noregur og Sviss).

Viðskiptastefna Íslands hefur, hvað varðar álagningu tolla og vörugjalda, þróast mjög í frjálstræðisátt á síðustu árum. Þannig voru almennir tollar felldir niður af fatnaði og skóm í ársbyrjun 2016 og af hvers kyns annarri iðnaðarvöru í ársbyrjun 2017. Í dag bera tæplega 90% tollskrárnúmera engan toll, samanborið við um 70% tollskrárnúmera á árinu 2012. Almenn vörugjöld, sem lögð voru á m.a. sykur og sætindi, ýmis heimilis- og raftæki, byggingarefni og varahluti voru einnig afnumin í ársbyrjun 2015 og í dag eru vörugjöld einungis lögð á fáeina afmarkaða vöruflokka (áfengi, tóbak, ökutæki og eldsneyti).

Við samanburð á tollaumhverfinu hér á landi við tollaumhverfið í nágrannaríkjunum, þ.e. í Evrópusambandinu og í hinum EFTA-ríkjunum, má sjá að hlutfallslega mun fleiri tollskrárnúmer hér á landi bera engan almennan toll og að meðaltollur er lægri hér á landi en í nágrannalöndunum. Þetta má sjá í meðfylgjandi töflu.

Tafla 9 **Samanburður á tollaumhverfi Íslands, Evrópusambandsins og hinna EFTA-ríkjanna<sup>6</sup>**

Ríki	Fjöldi tollskrárnúmera	Hlutfall tollskrárnúmera sem bera ekki toll	Meðaltollur
Ísland	8.971	89,6%	4,6%
ESB	9.533	27,0%	6,3%
Noregur	7.179	85,2%	6,9%
Sviss/Liechtenstein	8.299	19,7%	9,0%

6. WTO Secretariat, Trade Policy Review.Report: Iceland, Revision, WT/TPR/S/361/Rev.1 (2018), 41; WTO Secretariat, Trade Policy Review.Report: European Union, WT/TPR/S/395/ (2019), 62; WTO Secretariat, Trade Policy Review. Report: Norway, Revision, WT/TPR/S/373/Rev.1 (2019), 46; WTO Secretariat, Trade Policy Review. Report: Switzerland and Liechtenstein, Revision, WT/TPR/S/355/Rev.1 (2017), 47.

### Greining á áhrifum hugsanlegrar þátttöku í tollabandalagi ESB

Í aðildarviðræðum Íslands og ESB á árunum 2009–2013 var m.a. lagt mat á það hvaða áhrif aðild Íslands að tollabandalagi ESB mundi hafa. Í greinargerð, sem unnin var af hálfu íslenskra stjórnvalda í tengslum við viðræðurnar, um áhrif af aðild Íslands að tollabandalaginu kemur fram að slík aðild hefði haft í för með sér umtalsverðar breytingar á tollframkvæmd, þróun og hönnun fjölmargra tölvukerfa og upptöku nýrrar og umfangsmeiri tollskrár. Þær breytingar hefðu orðið afar umfangsmiklar og tæknilega flóknar. Einnig var talið rétt að hafa í huga að 75% af innheimtu tolltekna hér á landi hefðu runnið beint til ESB.

Í frumáætlun tollyfirvalda var gert ráð fyrir að kostnaður við upptöku nýrra tollkerfa myndi nema allt að 30 millj. evra. Þá lá fyrir að af hálfu ESB var gert ráð fyrir töluverðri fjölgun starfsfólks með tilheyrandi kostnaði. Til samanburðar má nefna að á þeim tíma störfuðu 168 manns við tollamál en hjá tollyfirvöldum á Möltu störfuðu 430 manns og í Lúxemborg 495 manns.

Fjárhagsleg áhrif breytinganna hefðu komið fram bæði í breyttum tolltöxtum gagnvart þriðju ríkjum við upptöku nýrrar tollskrár og þeim áhrifum sem einstakar atvinnugreinar hefðu fundið fyrir vegna þess, bæði til hækkunar og lækkunar. Beiting sameiginlegra innflutningstolla í kjölfar aðildar hefði í sumum tilfellum haft í för með sér álagningu innflutningstolla sem ekki voru áður til staðar í viðskiptum við þriðju ríki, bæði hvað varðar iðnaðar- og landbúnaðarafurðir. Í samningsafstöðu Íslands kom fram að slík álagning mundi hafa skaðleg áhrif á sjávarútveginn og orkufrekan iðnað auk þess sem sameiginlegu innflutningstollarnir myndu draga úr tollvernd fyrir innlendar landbúnaðarafurðir.

## 5.5 Þróun viðskipta við ríki sem fríverslunar-samningar hafa verið gerðir við


EFTA-skrifstofan vann á árinu 2016 greiningu á þeirri þróun sem orðið hefur á viðskiptum EFTA-ríkjanna í kjölfarið á gerð fríverslunarsamninga. Í þeirri greiningu kom m.a. fram að fríverslunarnet EFTA náði þá til 870 milljóna neytenda. Sé miðað við gildandi samninga og undirritaða samninga sem bíða fullgildingar í byrjun árs 2020 sést að virði vöruútflutnings EFTA-ríkjanna til þeirra ríkja hefur aukist um 87% frá 2006 til 2019. Á sama tíma hefur hlutdeild þessa útflutnings aukist úr 9,4% í 12% en hlutdeild vöruútflutnings til ESB lækkað úr 72% í 60%.

Tafla 10 **Samanlagður vöruútflutningur EFTA-ríkjanna og hlutdeild markaðssvæða (ma. evra)**

	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019
Ríki sem hafa gert fríverslunarsamning við EFTA*	20,1 9,4%	21,6 9,7%	23,4 9,3%	21,9 10,6%	26,2 10,8%	29,9 10,7%	33,9 11,5%	33,5 11,8%	33,6 11,8%	36,4 12,7%	34,2 12,3%	35,3 12,0%	35,1 11,3%	37,6 12,0%
ESB	152,9 71,9%	158,8 71,2%	180,8 72,3%	141,5 68,6%	164,5 67,9%	188,3 67,3%	197,1 66,7%	188,3 66,3%	185,7 65,4%	179,5 62,4%	170,1 61,1%	183,0 62,0%	193,9 62,4%	187,8 59,8%
Önnur lönd	39,8 18,7%	66,7 29,9%	87,5 35,0%	64,9 31,5%	77,6 32,0%	94,1 33,7%	104,7 35,4%	62,3 21,9%	64,8 22,8%	72,0 25,0%	73,9 26,6%	76,6 26,1%	81,7 26,3%	88,8 28,2%
Útflutningur EFTA-ríkjanna alls	212,8	223,0	250,0	206,3	242,2	279,6	295,5	284,1	284,1	287,9	278,1	295,2	310,8	314,2

\* Flokkurinn „Ríki sem hafa gert fríverslunarsamning við EFTA“ telur öll viðskipti við þau ríki sem lokið höfðu fríverslunarsamningum í byrjun árs 2020, óháð því hvenær samningar tóku gildi.  
Heimild: EFTA

Mynd 15 **Samanlagður vöruútflutningur EFTA-ríkjanna og hlutdeild markaðssvæða (ma. evra)**






## 6 Aðrir fríverslunarsamningar Íslands

Auk fríverslunarsamninga á vettvangi EFTA-samstarfsins hefur Ísland gert tvíhliða fríverslunarsamninga við önnur ríki. Ísland var ásamt Sviss fyrsta ríkið í Evrópu sem gerði fríverslunarsamning við Kína og samningaviðræður Noregs og Kína standa yfir. Einnig eru í gildi samningar við Grænland og Færeyjar.

### 6.1 Hoyvíkursamningurinn

Fríverslunarsamningur Íslands og Færeyja, Hoyvíkursamningurinn, var undirritaður 2005 og tók gildi 1. nóvember 2006. Í samningnum er kveðið á um niðurfellingu tolla í viðskiptum milli Íslands og Færeyja með hvers kyns vörur sem upprunnar eru í löndunum, þ.m.t. af öllum landbúnaðarvörum. Jafnframt kveður samningurinn á um frelsi í þjónustuviðskiptum, frjálsa för fólks milli landanna og búseturétt, stofnsetningarrétt, frjálsa fjármagnsflutninga, frelsi til gagnkvæmra fjárfestinga, svo dæmi séu nefnd.

Mynd 16 **Vöru- og þjónustuviðskipti við Færeyjar (m.kr.)**




Heimild: Hagstofa Íslands

Viðskipti landanna fóru vaxandi eftir að Hoyvíkursamningurinn tók gildi. Færeyjar eru markaður fyrir ýmsar landbúnaðarafurðir og iðnaðarvarning. Árið 2019 voru Færeyjar 20. stærsti vöruútflutningsmarkaður Íslands, með 0,7% hlutdeild. Helstu útflutningsvörur til Færeyja árið 2019 voru laxahrogn, annar eldisfiskur, ýmsar iðnaðarvörur, sauðfjárafurðir, jarðolíur og olíuvörur, vélar til matvælaframleiðslu, smokkfiskur, steinull, makrill og þorskur. Færeyjar voru 35. stærsti vöruinnflytjandi til Íslands árið 2019. Helstu innflutningsvörur frá Færeyjum árið 2019 voru fóðurvörur, fiskur og unnið fiskmeti, brennsluolía, fiskinet, óunnar efnivörur dýra- og jurtakyns og flutningatæki. Árið 2019 voru Færeyjar 16. stærsti þjónustuinnflytjandi til Íslands, með 1,6% hlutdeild. Þá voru Færeyjar 34. stærsti þjónustuútflutningsmarkaður Íslands það ár, með 0,4% hlutdeild.

## 6.2 Fríverslunarsamningur við Kína


Fríverslunarsamningur Íslands og Kína var undirritaður 2013 og tók gildi 1. júlí 2014. Samningurinn kveður á um niðurfellingu tolla á flestum útflutningsafurðum Íslendinga. Kveðið er á um niðurfellingu tolla af öllum sjávarafurðum, í flestum tilvikum frá gildistöku samningsins en í nokkrum tilvikum á fimm ára tímabili sem sem lauk á árinu 2020. Tollar af langflestum iðnaðarvörum falla einnig niður. Útflutningur frá Íslandi til Kína hefur aukist umtalsvert frá því fríverslunarsamningur landanna tók gildi. Þannig nam vöruútflutningur 15,9 milljörðum kr. á árinu 2019 en var 4,8 milljarðar árið 2014. Fjöldi kínverskra ferðamanna til Íslands hefur jafnframt aukist umtalsvert en þeir voru um 67 þúsund 2016, um 86 þúsund 2017 og um 114 þúsund árið 2019. Áður en COVID-19 faraldurinn kom upp hafði verið gert ráð fyrir beinu flugi kínverskra flugfélaga og fjölgun ferðamanna frá Kína. Vonir standa til að þegar aðstæður skapast til þess að nýju verði beint flug að veruleika.

Mynd 17 Hlutdeild Kína í vöru- og þjónustuútflutningi Íslands 2010-2019



Heimild: Hagstofa Íslands

Mynd 18 Vöru- og þjónustuviðskipti við Kína (m.kr.)



Heimild: Hagstofa Íslands

Markaðsáðgengi fyrir íslenskar dýraafurðir til Kína er þó takmarkað vegna heilbrigðisstaðla sem kínversk stjórnvöld starfa eftir og krafna um heilbrigðisúttektir fyrir allar tegundir matvæla sem ekki hafa áður verið fluttar til landsins. Samningagerð við kínversk stjórnvöld um viðurkenningu heilbrigðisvottorða er í umsjá Matvælastofnunar (MAST). Í júní 2016 var undirritað samkomulag um


innflutningsheimildir fyrir sex tegundir sjávarafurða, þ.e. þorsk, ufsa, langlúðu, síld, skötusel og rauðsprettu. Þá var einnig undirritaður samningur um heimild til innflutnings á lifandi íslenskum hrossum til Kína.

Að undanförunu hafa fjórar bókanir verið undirritaðar sem hafa fækkað eða rutt úr vegi hindrunum á útflutningi á lambakjöti og ýmsum fiskafurðum. Bókun um heilbrigðiskröfur og eftirlit með innflutningi lambakjöts frá Íslandi til Kína var undirrituð í september 2018, sem felur í sér að kínversk yfirvöld viðurkenna nú íslensk heilbrigðisvottorð vegna lambakjöts. Í maí 2019 voru undirritaðar þrjár nýjar bókanir um viðurkenningu á heilbrigðisstöðlum fyrir fiskeldisafurðir, fiskimjöl og lýsi, og ull og gærur. Auk þess hafa ríkin undirritað samstarfsyfirlýsingu á sviði jarðvarma og rafrænna viðskipta.

### 6.3 Samningur um viðskipti milli Íslands og Grænlands

Allt til ársins 1985 fóru viðskipti milli Íslands og Grænlands eftir samningum Íslands og Danmerkur um viðskiptamál, þ.e. eftir fríverslunarsamningi Íslands og Evrópusambandsins eftir að Danmörk gekk í sambandið. Sá samningur nær einungis til vöruviðskipta. Við úrsögn Grænlands úr Evrópusambandinu árið 1985 þurfti að leysa úr tvíhliða viðskiptasamstarfi Íslands og Grænlands. Með samningi Íslands og Danmerkur um viðskipti Íslands og Grænlands frá 1985 voru ákvæði fríverslunarsamnings Íslands og Evrópusambandsins látin gilda áfram um viðskipti Íslands og Grænlands. Af Íslands hálfu hefur verið lýst yfir vilja til gerð nýs og heildstæðs fríverslunarsamnings milli landanna,

Mynd 19 **Vöru- og þjónustuviðskipti við Grænland (m.kr.)**



Heimild: Hagstofa Íslands

Samband Íslands og Grænlands styrktist með opnun aðalræðisskrifstofu Íslands í Nuuk í nóvember 2013. Við það tækifæri var undirrituð viljayfirlýsing um aukið samstarf landanna tveggja, svokölluð Nuuk-yfirlýsing. Með yfirlýsingunni komu íslensk og grænensk stjórnvöld á fót sameiginlegum vettvangi til að ræða samstarf landanna á ýmsum sviðum. Í henni er kveðið á um aukið samstarf milli landanna, svo sem á sviðum viðskipta, sjávarútvegs, dýraheilbrigðismála, heilbrigðismála, sjóflutninga, orkumála og menntamála. Til þess að fylgja eftir yfirlýsingunni eru haldnir reglulegir fundir ráðherra eða háttsettra embættismanna

landanna. Snemma árs 2021 kemur út skýrsla Grænlandsnefndar utanríkisráðherra um samstarf Grænlands og Íslands á Norðurslóðum með fjölmörgum tillögum um aukið samstarf. Grænenska landsstjórnin opnaði sendiskrifstofu í Reykjavík í október 2018.

## 6.4 Útflutningsmarkaðir utan fríverslunarnets Íslands

Vöruútflutningur til ríkja, sem hvorki hafa verið gerðir fríverslunarsamningar við né fríverslunarviðræður hafnar við, nam rúmum 12% heildarvöruútflutnings Íslands á árinu 2019. Þar af nam hlutur Bandaríkjanna í heildarvöruútflutningi 2019 7,3%, hlutur Nígeríu 1,4% og hlutur Japans 1,2%. Árið 2019 komu 29,7% tekna Íslendinga af þjónustuútflutningi frá Bandaríkjunum en hafa ber í huga að fæstir fríverslunarsamningar hafa áhrif á þjónustuviðskipti.

Þótt fyrrgreindar tölur gefi til kynna að staða Íslands sé ágæt hvað varðar aðgang að erlendum mörkuðum er ljóst að gera má enn betur. Þannig þarf að vinna áfram að því að dýpka efni núverandi fríverslunarsamninga og tryggja niðurfellingu tolla af hvers kyns iðnaðarvörum og sjávarafurðum, í þeim undantekningartilvikum þar sem slíkum tollum er enn til að dreifa.

Jafnframt þarf að huga að möguleikum til að gera fríverslunarsamninga við þau ríki sem samningar hafa ekki verið gerðir við eða viðræður eru hafnar við. Í því sambandi myndi bættur markaðsaðgangur til Bandaríkjanna, Japans og Nígeríu skipta mestu máli. Eftirfarandi er stutt greinargerð á möguleikum og hagsmunum Íslands hvað varðar þessi þrjú ríki.

### Bandaríkin

Þegar þjónustuviðskipti eru talin með eru Bandaríkin stærsta einstaka útflutningsríki Íslands. Íslensk stjórnvöld hafa því sóst eftir því að unnið verði að auknu viðskiptafrelsi milli ríkjanna, helst í formi fríverslunarsamnings.

Mikilvægur áfangi náðist á fundi utanríkisráðherra Íslands og Bandaríkjanna 15. febrúar 2019 þegar ákveðið var að setja á fót árlegt efnahagssamráð milli ríkjanna, með þátttöku opinberra aðila og einkageirans, í því augnamiði að auka frekar tvíhliða viðskipti og fjárfestingar milli landanna.

Fyrsti fundur samráðsins var haldinn í Reykjavík í byrjun júní 2019 þar sem fulltrúar atvinnulífsins tóku einnig þátt í pallborðsumræðum um viðskipti milli ríkjanna. Á fundinum var ákveðið að standa fyrir áframhaldandi upplýsingaskiptum og samstarfi um valdeflingu kvenna, skimun erlendra fjárfestinga og efla enn frekar samstarf um verndun innviða, einkum á sviði tölvufjarskipta. Efnahagssamráðið var haldið í annað sinn í gegnum fjárfundabúnað í lok október 2020. Á fundinum var undirrituð sameiginleg yfirlýsing um áframhaldandi samvinnu á ýmsum sviðum í efnahags- og viðskiptamálum auk þess sem samráðið var fest í sessi og verður haldið árlega.

Á grundvelli samstarfssamnings ríkjanna á sviði viðskipta og fjárfestinga sem undirritaður var 15. janúar 2009 (e. Trade and Investment Framework Agreement) funda fulltrúar stjórnvalda árlega og ræða leiðir til að greiða fyrir viðskiptum og

fjárfestingum. Með samningnum var stofnaður vettvangur fyrir ríkin til að dýpka samstarf, ryðja úr vegi hindrunum og vinna að gerð samnings eða fyrirkomulags sem myndi greiða fyrir viðskiptum og fjárfestingum. Af hálfu Bandaríkjanna taka þátt í samráðinu fulltrúar embættis viðskiptafulltrúa Bandaríkjaforseta. Mikilvægi samningsins hefur aukist til muna á undanförunum árum vegna áherslu á að efla viðskiptatengsl við Bandaríkin og frá árinu 2019 hefur verið fundað með fulltrúum embættis viðskiptafulltrúa Bandaríkjaforseta (e. United States Trade Representative USTR) tvisvar á ári á grundvelli samningsins auk reglulegra óformlegra funda og upplýsingaskipta í gegnum sendiráð Íslands í Washington.

Þá hefur verið lögð áhersla að styrkja tengsl við bandaríska þingmenn og embættismenn til að afla stuðnings við aðgerðir sem styðja við aukin viðskipti og efnahagsleg samskipti milli Bandaríkjanna og Íslands. Utanríkisráðherra og sendiherra Íslands í Bandaríkjunum hafa átt fjölmarga fundi undanfarin misseri í þessum tilgangi. Í desember 2019 náðist mikilvægur áfangi þegar frumvarp til laga um E1- og E2-áritanir fyrir íslenska viðskiptaaðila og fjárfesta, Íslandsfrumvarpið svonefnda, var lagt fram í fulltrúadeild bandaríska þingsins. Verði frumvarpið samþykkt mun það gera íslenskum viðskiptaaðilum og fjárfestum kleift að sækja um sérstakar áritanir sem auðvelda tíðar ferðir og lengri dvöl í landinu. Til þess að frumvarpið verði að lögum þarf það fyrst að hljóta kosningu í fulltrúadeildinni og í framhaldi af því fer það til meðferðar í öldungadeild þingsins sem lýkur með atkvæðagreiðslu.

Vöruútflutningur til Bandaríkjanna er mjög fjölbreyttur og nam um 46,7 milljörðum kr. á árinu 2019 eða sem nemur rúmlega 7% af heildarvöruútflutningi ársins. Meðal helstu útflutningsafurða má nefna ýmsar ferskar sem frystar sjávarafurðir, gervilimi, kísiljárn, tækjabúnað til matvælaframleiðslu, vatn og lýsi. Bandarískir fjárfestar hafa sýnt íslenskum nýsköpunar- og tæknifyrirtækjum mikinn áhuga. Erlendir aðilar fjárfestu í slíkum fyrirtækjum fyrir 12 milljarða króna árið 2020 en tveir þriðju hlutar þeirrar upphæðar komu frá Bandaríkjunum.<sup>7</sup>

Tollar á íslenskar útflutningsafurðir inn til Bandaríkjanna eru almennt lágir. Þannig eru nánast allar íslenskar sjávarafurðir tollfrjálsar inn til Bandaríkjanna og sama á við um stóran hluta iðnaðarvara. Áætla má að árlegar tollgreiðslur vegna innflutnings til Bandaríkjanna nemi 130 milljónum kr., eða sem svarar til um 0,3% tolls að meðaltali. Sem dæmi um helstu útflutningsvörur sem bera toll inn til Bandaríkjanna má nefna kísiljárn, álþynnur, ýmsar vörur úr plasti, og skyr.

EFTA-ríkin hafa um árabil átt í árlega samráði við Bandaríkin í þeim tilgangi að ræða um hagsmunamál í tengslum við viðskipti og viðskiptahindranir. Síðastliðið ár hefur verið lögð sérstök áhersla á að Bandaríkjamenn gangi til samningsviðræðna við EFTA-ríkin um gagnkvæma viðurkenningu á úttektum í lyfjaiðnaði, en slíkur samningur var gerður við Evrópusambandið árið 2019.

7. Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið, „Miklar fjárfestingar í íslenskum nýsköpunar- og tæknifyrirtækjum á árinu 2020“, 2020. [stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2020/12/02/Miklar-fjarfestingar-i-islenskum-nyskopunar-og-taeknifyrirtaekjum-a-arinu-2020-](http://stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2020/12/02/Miklar-fjarfestingar-i-islenskum-nyskopunar-og-taeknifyrirtaekjum-a-arinu-2020-)

## Japan

Vöruútflutningur frá Íslandi til Japans nam tæpum 8 milljörðum kr. á árinu 2019, eða sem svarar til um 1,2% af heildarvöruútflutningi ársins. Helstu útflutningsvörur voru kísiljárn, frystar afurðir grálúðu, loðnu, karfa, makríls og síldar, æðardúnn, kísildíoxíð og lambakjöt. Japansmarkaður hefur um árabil verið einn af mikilvægustu útflutningsmörkuðum heimsins fyrir tiltekna sjávarafurðir.

Tollar í Japan eru fremur lágir. Áætla má að heildartollgreiðslur af innflutningi til Japans á árinu 2018, þegar útflutningur nam rúmum 12 milljörðum, hafi numið rúmum 300 milljónum kr., eða sem svarar til um 2,5% tolls að meðaltali. Helstu útflutningsafurðir sem bera toll inn til Japans eru fryst síldarflök (10%), heilfrystur makrill (7%), fryst grálúða, karfi og loðnuhrogn (3,5%). Tolltekjur vegna innflutnings frá Japan eru hins vegar hverfandi, enda afar lítil beinn innflutningur frá Japan á vörum sem bera toll við innflutning hingað til lands. Auk þess felldi Ísland einhliða niður tolla á öllum iðnaðarvörum árið 2016.

Sumarið 2019 fór fram fyrsta tvíhliða efnahagssamráð milli ríkjanna en íslensk stjórnvöld hafa á undanförunum árum sóst eftir því að gera fríverslunarsamning við Japan. Af hálfu Íslands var áfram lögð áhersla á að hafnar yrðu formlegar könnunarviðræður um mögulegan fríverslunarsamning. Rætt var um núverandi viðskipti landanna, en Japan er mikilvægur markaður fyrir íslenskar vörur og þjónustu, m.a. sjávarafurðir, heilbrigðistækni og landbúnaðarvörur. Einnig var rætt um aukna möguleika á tvíhliða fjárfestingum og tækifæri í nýsköpun, en fjölbreyttur hópur fyrirtækja á Íslandi á í viðskiptum við Japan.

## Nígería

Nígería hefur um langt árabil verið mjög mikilvægur útflutningsmarkaður fyrir skreið og þurrkaða fiskhausa. Þannig nam árlegur útflutningur þangað 12 til 16,5 milljörðum kr. á árunum 2011–2015. Útflutningi á öðrum vörum og þjónustu er ekki til að dreifa.

Sökum efnahagsþrenginga í kjölfar mikillar lækkunar á heimsmarkaðsverði á olíu setti Seðlabanki Nígeríu á árinu 2015 reglur sem takmörkuðu gjaldeyrisviðskipti vegna innflutnings á ýmsum vörutegundum, m.a. á sjávarafurðum. Jafnframt voru tollar á ýmsar innfluttar vörur hækkaðir, m.a. úr 5% í 20% á sjávarafurðir. Markmið nígerískra stjórnvalda með þessum aðgerðum var að draga úr innflutningi og auka innanlandsframleiðslu til að spara erlendan gjaldeyri.

Þessar breytingar hafa haft alvarlegar afleiðingar fyrir vöruútflutning til Nígeríu sem nam einungis um 8,7 milljörðum kr. á árinu 2019. Miðað við 20% toll má áætla að tollgreiðslur af þeim útflutningi hafi numið um 1,7 milljörðum króna.

Eins og fyrr segir undirrituðu EFTA-ríkin og Nígería samstarfsyfirlýsingu í tengslum við ráðherrafund í desember 2017. Vonast er til þess að sú samstarfsyfirlýsing geti orðið undanfari fríverslunarviðræðna, en engin ákvörðun liggur þó fyrir í þeim efnum.

## 7 Tvísköttunarsamningar og upplýsingaskiptasamningar á sviði skattamála<sup>8</sup>

Tvísköttun tekna og eigna á sér stað þegar skattur er lagður á sama skattstofn hjá sama skattaðila í tveimur eða fleiri ríkjum á sama tímabili. Markmið tvísköttunarsamninga er tvíþætt: að koma í veg fyrir slíka tvísköttun og vinna gegn undanskotum frá skattlagningu á tekjur og eignir.

Gerð tvísköttunarsamninga er talinn mikilvægur liður í að efla hagvöxt, ekki síst í ríkjum þar sem utanríkisviðskipti eru umfangsmikil. Á grundvelli þess hafa stjórnvöld lagt áherslu á að ljúka samningagerð við ríki þar sem íslenskir aðilar eiga ríkra hagsmuna að gæta. Á sama tíma hefur verið horft til nýrra markaðssvæða eins og kostur er, en þar skipta mestu ábendingar frá þeim aðilum og fyrirtækjum sem stunda utanríkisviðskipti. Einnig eru stjórnvöld meðvituð um að frjálst flæði vinnuafls, vöru og fjármagns sem er til staðar á Evrópska efnahagssvæðinu kallar óhjákvæmilega á skýrari skattareglur á ýmsum sviðum. Þetta fellur vel að því meginhlutverki tvísköttunarsamninga að skipta skattlagningarrétti milli ríkja í því skyni að koma í veg fyrir þá viðskiptalegu hindrun sem felst í tvísköttun og skekkir samkeppnistöðu.


Ísland fer að mestu eftir samningsfyrirmynd Efnahags- og framfarastofnunarinnar í París (OECD) en þó með nokkrum frávikum sem stafa af íslenskum réttarreglum/og eða pólitískri stefnumörkun. Staðlaður samningur sem Ísland notar sem grunn við upphaf samningaviðræðna var uppfærður af fjármálaráðuneytinu árið 2018. Samningaviðræður um nýjan tvísköttunarsamning geta hafist ef annað hvort ríkið sem á í hlut óskar formlega eftir þeim og nást samningar alla jafna í tveimur lotum. Tvísköttunarsamningar koma að jafnaði til framkvæmda í upphafi næsta almanaksárs eftir fullgildingu.

### 7.1 Tvísköttunarsamningar Íslands

Ísland hefur gert tvísköttunarsamninga við 45 ríki og landssvæði. Samningaviðræður eru gangi, sumar langt komnar, við Chile, Singapúr, Búlgaríu og Þýskaland, en viðræður við Þýskaland snúast um endurskoðun á gildandi samningi. Samningur við Japan var fullgiltur á árinu 2018 og kom til framkvæmda 1. janúar 2019. Með þessu er stigið mikilvægt skref í viðskiptum Íslands og Japans.

8. Athuga skal að fjármála- og efnahagsráðuneytið og utanríkisráðuneytið vinna saman að gerð samninga við erlend ríki til að komast hjá tvísköttun. Upplýsingar í þessum kafla eru unnar í samræði við fjármála- og efnahagsráðuneytið og þá sérstaklega með hliðsjón af ársskýrslu samninganefndar um gerð tvísköttunarsamninga fyrir árið 2017.

Mynd 20 Tvísköttunarsamningar – staða samninga í janúar 2020



## 7.2 Áætlun til lengri tíma

Langtímamarkmið samninganefndar um tvísköttunarmál hefur verið að ljúka samningagerð við öll aðildarríki OECD auk ríkja innan Evrópu, einkum þó ESB- og EFTA-ríkin. Af 35 aðildarríkjum OECD eru samningar við 30 ríki í höfn, en fimm standa eftir; Ástralía, Chile, Ísrael, Nýja-Sjáland og Tyrkland. Leitað hefur verið eftir viðræðum við framangreind ríki, bæði með formlegum og óformlegum hætti. Viðræður hófust við Chile árið 2012 en þeim er ekki lokið. Norður-Makedónía hefur óskað eftir því að hefja viðræður um gerð tvísköttunarsamnings. Til stóð að hefja viðræður 2017, en að ósk Norður-Makedóníu var þeim frestað. Fyrirhugaðar eru viðræður við Nýja-Sjáland um gerð tvísköttunarsamnings.

Í ljósi þess hversu langan tíma tekur að hefja samningaferli er nauðsynlegt að horfa til a.m.k. þriggja til fjögurra ára í senn við gerð samningaáætlunar. Þó eru áætlanir nægilega sveigjanlegar til að taka tillit til áhuga íslensks atvinnulífs og erlendra stjórnvalda á gerð tvísköttunarsamninga þar sem því verður við komið.

Utanríkisráðuneytið vinnur náið með fjármálaráðuneytinu, sem ber efnislega ábyrgð á gerð þessara samninga.



Í forgangsröðun samningagerða taka bæði ráðuneyti mið af þörfum atvinnulífsins. Mest liggur á að koma á tvísköttunarsamningum við ríki þar sem íslensk fyrirtæki stunda viðskipti. Í þeim efnum má sérstaklega nefna ríki á borð við Indónesíu, Sádí-Arabíu og Eþíópíu.

Til lengri tíma er stefnt að því að gera einnig tvísköttunarsamninga við ríki sem Ísland hefur gert fríverslunarsamning við. Þeirra á meðal eru, auk Sádí-Arabíu, önnur aðildarríki Flóaráðsins, auk Suður-Afríku önnur aðildarríki Tollabandalags Suður-Afríkúríkja, Hong Kong, Filippseyjar, Egyptaland, Marokkó, Perú, Túnis, Ekvador, Kólumbía, Kosta Ríka, Líbanon, Jórdanía, Panama, Gvatemala og Palestína.

Tafla 11 **Áætlun um gerð tvísköttunarsamninga árin 2020-2024**

OECD-ríki	Evrópa	Önnur ríki
Ástralía	Norður-Makedónía*	Suður-Afríka
Chile	Montenegro*	Singapúr
Ísrael	Serbía*	Indonesía
Nýja-Sjáland	Bosnia/Herzegovína**	Saudi-Arabía
Tyrkland	Kosovo**	Brasilía

\* Umsóknarríki Evrópusambandsins \*\* Á lista Evrópusambandsins yfir hugsanleg umsóknarríki

## 7.3 Alþjóðasamningur gegn skattaflóttu

Hinn 7. júní 2017 undirritaði Ísland fjölþjóðasamning sem miðar að því að stemma stigu við skattaundandrætti og skattsvikum með misnotkun tvísköttunarsamninga (e. MLI - Multilateral Convention to Implement Tax Treaty Related Measures to Prevent Base Erosion and Profit Shifting). Samtals hafa 94 ríki undirritað samninginn, fjögur ríki í viðbót hafa tilkynnt að þau muni gerast aðilar og hann hefur tekið gildi gagnvart 53 ríkjum (í október 2020).<sup>9</sup> Með samningnum verður eldri tvísköttunarsamningur breytt og ákvæði MLI munu ganga frammar tilgreindum ákvæðum í gildandi tvísköttunarsamningum þeirra ríkja sem beita MLI. Þannig verður unnt að breyta þúsundum tvísköttunarsamninga án þess að stjórnvöld í hverju ríki þurfi að fara í tímafrekar tvíhliða viðræður við hvern og einn viðsemjanda.

Samningurinn er þegar kominn til framkvæmda gagnvart þeim ríkjum sem hafa fullgilt hann, m.a. Íslandi og öðrum norrænum ríkjum. Ísland hefur tilkynnt OECD að lágmarksákvæði MLI hafi verið tekin upp, auk þess sem tilgreindir hafa verið þeir gildandi tvísköttunarsamningar sem óskað verður eftir að falli undir MLI.

MLI-samningurinn tengist aðgerðaáætlun gegn skattaundandrætti, skattsvikum og skattaflóttu (BEPS)<sup>10</sup> sem unnið hefur verið að undanfarin ár. Að baki áætluninni standa aðildarríki OECD ásamt G20-ríkjunum. BEPS-áætlunin felur í sér 15 aðgerðir, m.a. að vinna gegn þeirri þróun að alþjóðafyrirtæki reyni að komast hjá skattgreiðslum, t.d. með því að nýta glufur vegna mismunandi skattaregla í ríkjum sem gert hafa tvísköttunarsamning sín á milli. Í farvatninu eru ýmsar

9. Samningurinn heitir fullu nafni the Multilateral Convention to Implement Tax Treaty Related Measures to Prevent Base Erosion and Profit Shifting ("Multilateral Instrument").

10. Áætlunin heitir fullu nafni Base Erosion and Profit Shifting.

breytingar sem rekja má til BEPS og MLI og endurspeglast í nýjustu tvísköttunarsamningsfyrirmynd OECD sem kom út í nóvember 2017. Meginmarkmið breytinganna er að taka af öll tvímæli um að tvísköttunarsamningum sé hvorki ætlað að ná fram lítilli eða engri skattlagningu heldur standa gegn misnotkun og skattasniðgöngu.

## 7.4 Samningar um upplýsingaskipti vegna skattamála

Síðustu ár hefur OECD, í samstarfi við G20-ríkin, hvatt til aukinna upplýsingaskipta milli skattyfirvalda. Við framkvæmd upplýsingaskiptanna er einkum byggt á samningi Evrópuráðsins og OECD um gagnkvæma stjórnsýsluaðstoð í skattamálum<sup>11</sup> og er lögð mikil áhersla á að ríki hefji reglubundin skipti á upplýsingum um tekjur og eignir skattaðila í því skyni að koma í veg fyrir undanskot skatta og skattsvik.

Ísland er aðili að framangreindum aðstoðarsamningi og hafa íslensk stjórnvöld hafið skipti á upplýsingum á grundvelli nýs samræmds staðals<sup>12</sup> um reglubundin upplýsingaskipti á fjárhagsupplýsingum. Fyrstu upplýsingaskiptin á grundvelli staðalsins fóru fram í september 2017 vegna ársins 2016. Jafnframt munu skattyfirvöld skiptast á ríkjaskýrslum þar sem félagasamstæður yfir tiltekinni veltu þurfa að gera grein fyrir tekjum, sköttum og efnahagslegri starfsemi heildarsamstæðunnar. Fyrstu skiptin af hálfu Íslands fóru fram á árinu 2019 vegna ársins 2017.

Íslensk stjórnvöld hafa jafnframt undirritað FATCA-samning<sup>13</sup> við Bandaríkin og hófust reglubundin upplýsingaskipti á grundvelli þess samnings í september 2015. Samningurinn kveður á um að skattyfirvöld safni saman upplýsingum um tekjur og eignir allra skattskyldra aðila í Bandaríkjunum og á Íslandi frá nánar skilgreindum fjármálafyrirtækjum og sendi upplýsingarnar árlega til samningsaðila. Bandarísk og íslensk skattyfirvöld munu einnig skiptast á ríkjaskýrslum vegna alþjóðlegra félagasamstæðna.

Starfshópur á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar, sem starfaði á árunum 2006–2014, vann að gerð upplýsingaskiptasamninga á sviði skatta við bankaleyndar- og lágs-kattaríki og voru gerðir alls 44 samningar á þessu tímabili. Á grundvelli þeirra geta skattyfirvöld óskað eftir upplýsingum. Munu þessir samningar gagnast íslenskum skattyfirvöldum þegar reglubundnar upplýsingar taka að berast á grundvelli hins nýja samræmda staðals sem yfir 100 ríki hafa gerst aðilar að.

11. Á ensku heitir samningurinn the Convention on Mutual Administrative Assistance in Tax Matters.

12. Á ensku heitir staðallinn the Common Reporting Standard.

13. Samningurinn er í samræmi við FATCA-lögin (e. Foreign Account Tax Compliance Act).

## 8 Fjárfestingasamningar

Fjárfestingasamningar<sup>14</sup> milli ríkja gegna fyrst og fremst því hlutverki að vernda fjárfesta og fjárfestingar þeirra á erlendri grundu þannig að þeir njóti lögbundinna réttinda í því ríki þar sem þeir fjárfesta og geti gætt hagsmuna sinna gagnvart dómstólum. Fjárfestingasamningar renna þannig stoðum undir og stuðla að fjárfestingum á milli landa.

Í samningaviðræðum um gerð fjárfestingasamninga leggja ríki gjarnan fram sína eigin samningsfyrirmynd sem grundvöll samningaviðræðna. Samningsfyrirmynd Íslands byggist á svokölluðu OECD-módeli, sem tekur mið af stöðu samningaviðræðna innan OECD um gerð fjölþjóðlegs sáttmála um fjárfestingar, sem stóðu yfir um langt árabil en lauk án niðurstöðu í byrjun síðasta áratugar.

Helstu ákvæði samningsfyrirmyndar Íslands varða svokölluð jafnréttiskjör og bestu kjör. Jafnréttiskjör fela í sér að ekki megi gera greinarmun á meðferð innlendra og erlendra aðila og bestu kjör fela í sér að ekki megi mismuna erlendum aðilum innbyrðis. Rétt er að undirstrika að tvíhliða fjárfestingasamningar milli ríkja byggjast ætíð á gildandi lögum og reglum viðkomandi ríkja. Samningarnir veita þannig engan sjálfstæðan rétt umfram það sem almennt gildir í viðkomandi ríki.

Þá er í samningsfyrirmynd Íslands ákvæði sem felur í sér að eignarnám megi aðeins gera í samræmi við lög gistíríkis. Síðast en ekki síst er í samningsfyrirmyndinni ákvæði um yfirfærslur fjármuna, þar sem miðað er við að fjármunir sem tengjast fjárfestingunni skuli fást yfirfærðir án tafar og án takmarkana.

Eitt mikilvægasta ákvæðið í samningsfyrirmynd flestra ríkja um gerð tvíhliða fjárfestingasamninga er um lausn deilumála. Það felur m.a. í sér að fjárfestar geti skotið ágreiningi um framkvæmd samningsins til alþjóðlegs gerðardóms og hið sama gildir ef ríkin innbyrðis eiga í deilu um túlkun samningsins. En undanfarin ár hefur þess gætt að sum lönd eru annað hvort hætt að semja um lausn deilumála eða hafa viljað losna undan slíkum ákvæðum. Indland sagði t.d. upp um 60 fjárfestingasamningum út af þessu atriði, m.a. við Ísland. Ástralía hefur haft áhyggjur af því að slík ákvæði veiti erlendum fjárfestum betri rétt en innlendum. Fleiri lönd eru á sömu línu svo sem Brasilía, Suður-Afríka og Indónesía. Slík sjónarmið kalla á sveigjanleika við gerð fjárfestingasamninga hvað varðar ákvæði um lausn deilumála.

14. Þrjú ráðuneyti koma að málefnum erlendra fjárfestinga: utanríkisráðuneytið, fjármála- og efnahagsráðuneytið og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið.

## 8.1 Tvíhliða fjárfestingasamningar Íslands


Íslensk stjórnvöld hafa gert tvíhliða fjárfestingasamninga við sjö ríki sem gengið hafa í gildi. Sá elsti er við Kína en hann var gerður árið 1997. Hin ríkin eru Líbanon og Víetnam, auk OECD-ríkjanna Chile, Lettland, Litáen og Mexíkó. Auk þess hefur verið samið um tvíhliða fjárfestingasamninga, sem eru enn í frágangs- eða fullgildingarferli, við Egyptaland, Úganda og Norður-Makedóníu, auk OECD-ríkisins Tyrklands. Samningur við Georgíu er langt kominn.

## 8.2 Marghliða fjárfestingasamningar Íslands

Ísland er aðili að orkusáttmálanum frá 1994 (e. Energy Charter Treaty), en þar eru ákvæði um vernd fjárfestinga í orkugeiranum. Þrjú EFTA-ríki, Ísland, Sviss og Liechtenstein, gerðu sérstakan fjárfestingasamning við Suður-Kóreu sem tók gildi 1. janúar 2006, en sá samningur var gerður í tengslum við fríverslunarsamning EFTA-ríkjanna og Suður-Kóreu.

Almenn ákvæði um fjárfestingar eru í fríverslunarsamningum EFTA, en þar eru ekki ákvæði um vernd fjárfestinga, nema í samningnum við Singapúr, sem tók gildi 1. janúar 2003. Þess vegna hafa sum EFTA ríkin viljað gera sérstaka fjárfestingasamninga við þau. Í gildi eru t.d. fríverslunarsamningar við öll ríkin sem Ísland hefur samið við um fjárfestingar, nema Víetnam og Úganda, en fríverslunarviðræður eru í gangi við Víetnam.

EES-samningurinn felur í sér frjálst flæði fjármagns innan Evrópska efnahagssvæðisins. Þannig skulu engin höft vera á milli samningsaðila á flutningum fjármagns í eigu aðila sem búsettir eru á EES-svæðinu, né nokkur mismunun byggð á ríkisfangi, búsetu eða hvar féð er notað til fjárfestingar. Jafnframt skulu greiðslur í tengslum við þjónustustarfsemi, vöruflutninga, fólksflutninga eða fjármagnsflutninga milli samningsaðila vera lausar við öll höft. Ákvæði EES-samningsins veita því ríka vernd fyrir fjárfestingar og er því ekki sérstök ástæða til að gera sérstaka fjárfestingasamninga við EES-ríki. Hið sama gildir reyndar um OECD-ríkin, þar sem gildir einnig rík fjárfestingavernd.

Mynd 21 **Fjárfestingasamningar**

### 8.3 Áhersla á gerð fleiri fjárfestingasamninga

Á undanförunum árum hefur áhugi íslenskra stjórnvalda og atvinnulífs á því að gera fleiri tvíhliða fjárfestingasamninga aukist. Alþingi samþykkti þingsályktun í mars 2011 þar sem utanríkisráðherra var falið að móta stefnu varðandi gerð fjárfestingasamninga við önnur ríki. Stefnan var síðan birt sem hluti af skýrslu utanríkisráðherra til Alþingis í apríl 2012. Þar koma fram eftirtaldar áherslur:

- Gerðir skulu fjárfestingasamningar við ríki sem hafa vaxið hratt að undanförunu og þar sem ætla má að viðskiptatækifærum fjölgi á næstunni.
- Þá skulu gerðir samningar við ríki sem nú þegar eiga í viðskiptum eða samstarfi við íslenska aðila og fjármagnshreyfingar á milli ríkjanna koma við sögu.
- Loks skulu gerðir samningar við ríki sem hafa gert fríverslunar-, tvísköttunar- eða loftferðasamning við Ísland til að gæta enn frekar þeirra hagsmuna sem felast í þeim samningum.

Þessi stefna tekur mið af því að ekki sé nauðsynlegt að gera tvíhliða fjárfestingasamninga við ríki á Evrópska efnahagssvæðinu og við önnur aðildarríki OECD, þar sem réttarvernd fjárfesta sé almennt talin fullnægjandi, sem fyrr segir.

Íslenskir hagsmunaaðilar hafa sóst eftir því að gerðir verði fjárfestingasamningar við önnur ríki, einkum í Austur-Evrópu utan EES, í Suðaustur-Asíu og öðrum fjarlægum nýmarkaðsríkjum, svo sem Brasilíu, Indónesíu og Suður-Afríku.

Reglulegt samráð verður haft við hagsmunaaðila um tvíhliða fjárfestingasamninga og sérstaklega skoðað hvar íslenskir fjárfestar hafa hagsmuna að gæta. Haft verður í huga við hvaða ríki nágrannaríki okkar hafa gert slíka samninga. Í kjölfarið verði viðræðum forgangsraðað og jafnframt lagt mat á þörf á endurskoðun fyrirmynda að samningum.

Á næstunni verður farið þess á leit við stjórnvöld í Úkraínu og Albaníu að teknar verði upp viðræður um gerð tvíhliða fjárfestingasamninga, en ríkin hafa skipst á samningsfyrirmyndum. Í gildi eru fríverslunarsamningar EFTA-ríkjanna við þessi ríki.

Enn fremur hefur utanríkisráðuneytið óskað eftir því að teknar verði upp viðræður um gerð fjárfestingarsamnings við Eþíópíu, Filippseyjar, Indónesíu og Kenía, en viðræður við Georgíu eru á lokametrum, sem fyrr segir. Íslensk fyrirtæki eru aðilar að samstarfi vegna framkvæmda við jarðhita og önnur orkumannvirki í öllum þessum ríkjum. Auk þess hefur beiðni um gerð fjárfestingasamnings verið beint til Ísraels. Í gildi er fríverslunarsamningur EFTA-ríkjanna og Ísraels og nýlega sömdu Ísland og Ísrael um loftferðasamning.

## 8.4 Fjárfestingar innan EES

EES-samningurinn felur í sér frjálst flæði fjármagns innan Evrópska efnahagssvæðisins. Þannig skulu engin höft vera á milli samningsaðila á flutningum fjármagns í eigu aðila sem búsettir eru á EES-svæðinu, né nokkur mismunun byggð á ríkisfangi, búsetu eða hvar féð er notað til fjárfestingar. Jafnframt skulu greiðslur í tengslum við þjónustustarfsemi, vöruflutninga, fólksflutninga eða fjármagnsflutninga milli samningsaðila vera lausar við öll höft. Af þessum sökum hafa íslensk stjórnvöld ekki talið þörf á gerð fjárfestingasamninga við önnur ríki EES-samningsins, enda verður að telja að ákvæði EES-samningsins veiti ríki vernd fyrir fjárfestingar þótt fyrirkomulagið sé með öðrum hætti en í tvíhliða fjárfestingasamningum.

## 9 Loftferðasamningar

### 9.1 Flugíðnaðurinn

Flugíðnaðurinn er ein mikilvægasta atvinnugrein landsins. Vaxandi umsvif Íslenskra flugrekenda hafa kallað á aukna áherslu á gerð tvíhliða loftferðasamninga<sup>15</sup>. Misjafnt er hversu víðtæk réttindi kveðið er á um í loftferðasamningum Íslands, en auk gagnkvæmra heimilda til farþega- og farmflugs milli samningsríkja veita margir samningar heimild til flugs til og frá þriðju ríkjum og viðkomandi samningsríkis, einnig án viðkomu í skráningarríki.

Með ört vaxandi umsvifum Íslenskra flugrekenda er orðið enn mikilvægara en áður að gera nýja eða uppfæra eldri tvíhliða loftferðasamninga. Veruleg aukning ferðapjónustunnar hér á landi á undanförunum árum hefði ekki verið möguleg án mikillar fjölgunar flugferða Íslenskra flugrekenda til og frá landinu. Þá er viðleitni þeirra til að byggja Keflavíkurlugvöll upp sem alþjóðlega miðstöð fyrir flugferðir mikilvægt framlag til hagsældar hér á landi.

Heildarvelta innan flugíðnaðarins nam 275,9 milljörðum kr. árið 2017. Það er því hagsmunamál fyrir Ísland að vítt net loftferðasamninga tryggi flugrekendum sem greiðastan aðgang að alþjóðamörkuðum. Að sama skapi tryggja opnir og víðtækir loftferðasamningar flugrekendum annarra ríkja heimildir til áætlunarflugs hingað til lands en yfir 26 erlendir flugrekendur stunduðu áætlunarflug til Íslands áður en kórónuveirufaraldurinn skall á.

### 9.2 Loftferðasamningar Íslands

Ísland hefur á liðnum árum gert fjölda loftferðasamninga sem veita víðtækar heimildir til viðskiptaflugs. Þá hafa Íslensk stjórnvöld sótt flestar samningaráðstefnur á vegum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (e. International Civil Aviation Organization, ICAO).

Loftferðasamningum Íslands hefur fjölgað ört undanfarin ár. Alls hefur Ísland gert samninga og viljayfirlýsingar sem veita heimildir til viðskiptaflugs til 114 ríkja. Þá eru heimildir til flugs milli ríkja á Samevrópska flugsvæðinu (ECAA) á grundvelli EES-samningsins (og Vaduz-samningsins að því er varðar Sviss) eins og um innanlandsflug sé að ræða.

Stefnt er að því að semja við ríki sem vitað er að Íslenskir flugrekendur hafa mikinn áhuga á. Einnig er leitast við að því að uppfæra gildandi samninga eftir því sem þörf er á og fullgilda undirritaða samninga. Þá hefur Ísland sóst eftir að gerast aðili að fleiri loftferðasamningum ESB við þriðju ríki, hins vegar hefur sú viðleitni ekki skilað miklum árangri að undanförunu.


15. Athuga skal að samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti, Samgöngustofa og utanríkisráðuneytið vinna saman að gerð loftferðasamninga.

Viðræður milli Íslands og Rússlands um tvíhliða loftferðamál hófust árið 2017 og undir árslok 2018 féllu rússnesk stjórnvöld frá kröfu um að íslenskir flugrekendur sem vilja nota Síberíuflugleiðina haldi jafnframt uppi beinu áætlunarflugi til áfangastaðar í Rússlandi. Með þessari ákvörðun hefur að vissu marki verið greitt fyrir viðræðum íslenskra flugfélaga við viðkomandi aðila um notkun Síberíuflugleiðarinnar. Íslensk flugfélög sem vilja fá leyfi til yfirflugs munu núna þurfa að semja um yfirflugsgjöld við viðkomandi aðila til að geta hafið flug til Asíu yfir Rússland.

Utanríkisráðuneytið hefur um nokkurt skeið óskað eftir því við japönsk stjórnvöld að hefja viðræður um gerð loftferðasamnings. Á fundum utanríkisráðherra ríkjanna árið 2018, bæði á Íslandi og í Japan, voru loftferðamál ítrekað tekin upp og í ársbyrjun 2019 náðist samkomulag sem greiðir fyrir beinu áætlunarflugi milli ríkjanna og frekari möguleikum á leiguflugi. Jafnframt var ákveðið að löndin skyldu ræða áfram um mögulegan loftferðasamning milli ríkjanna.

Búið er að ganga frá textum loftferðasamninga að miklu leyti við mörg ríki, t.d. eru samningar við Georgíu, Bahamaeyjar og Mexíkó langt komnir. Á loftferðasamningaráðstefnum Alþjóðaðflugmálastofnunarinnar (ICAO) 2018 og 2019 voru undirritaðir loftferðasamningar við Jamaíku, Tyrkland, Rúanda, Búrkína Fasó og Sádi-Arabíu. Þá er búið að gera loftferðasamning við Bretland vegna útgöngunnar úr Evrópusambandinu.

Mynd 22 **Loftferðasamningar**





## 10 Framtíðarhorfur og áskoranir á mörkuðum

Frá því um aldamót hefur hægt á vexti vestrænna ríkja en hagvöxtur margra millitekju- og lágtekjuríkja aukist. Árið 2019 hafði þó hægt á hagvexti víða í þeim ríkjum, m.a. í Suður-Ameríku, Mið-Austurlöndum, Kína og nýmarkaðsríkjum Evrópu.<sup>16</sup> Þótt spáð sé hraðari vexti á næstunni gætir enn nokkurrar óvissu um kerfið í heild sinni og með því er þeim hagvexti, sem lengi hefur verið drifinn af alþjóðlega samofnu hagkerfi og viðskiptum, teflt í tvísýnu.

Eins og bent er á í skýrslu utanríkisráðuneytisins „*Utanríkisþjónusta til framtíðar*“ hefur þungamiðja alþjóðlegrar fríverslunar og viðskipta í auknum mæli færst frá hefðbundnum mörkuðum í Norður-Ameríku og Vestur-Evrópu til Suðaustur-Asíu og til nýmarkaðsríkja í Asíu, Suður-Ameríku og Afríku. Þessi tækifæri eru þó háð því að áfram verði sátt um uppbyggingu og varðveislu þess alþjóðlega viðskiptakerfis sem er við lýði.

Í skýrslu alþjóðlega ráðgjafafyrirtækisins McKinsey frá árinu 2012<sup>17</sup> um vaxtarmöguleika Íslands var áætlað að til þess að viðhalda hagvexti á Íslandi þyrftu útflutningsverðmæti að aukast um einn milljarð kr. á viku, eða 52 milljarða kr. á ári. Ef horft er til árána 2012 til 2017 var meðaltalsaukning í samanlögðum vöru- og þjónustuútflutningi á þessu sex ára tímabili tæpir 37 milljarðar kr. á ári. Aukningin hefur verið á þjónustuhliðinni sem hefur að miklu leyti verið drifin áfram af auknum straumi ferðamanna til landsins.

Frekari uppbygging útflutningsgreina er því undirstaða áframhaldandi hagsældar, ekki síst hvað varðar hinn svokallaða alþjóðageira sem byggist fremur á þekkingu og hugviti en náttúruauðlindum. Því er brýnt að íslensk fyrirtæki hafi sama markaðsaðgang og önnur fyrirtæki sem þau eiga í samkeppni við. Áframhaldandi samstarf atvinnulífs og stjórnvalda er grundvöllur fyrir virkri hagsmunagæslu utanríkisþjónustunnar á erlendri grundu samhliða því að unnið verði að bættum vaxtarskilyrðum innanlands.

16. International Monetary Fund. World Economic Outlook: Global Manufacturing Downturn, Rising Trade Barriers, (Washington, DC: October 2018).

17. McKinsey Scandinavia, Charting a Growth Path for Iceland, (McKinsey & Company, 2012).


## 10.1 Vaxandi millistétt í nýmarkaðsríkjum

Vöxtur nýmarkaða og breytingar á neysluvenjum um allan heim fela í sér bæði tækifæri og áskoranir sem þarf að taka til greina við mat á vaxtarmöguleikum íslenskra útflutningsgreina. Efnuð og ört vaxandi millistétt<sup>18</sup> í nýmarkaðsríkjum leikur þar stórt hlutverk. Millistéttin í Kína er þegar orðin fjölmennari en sem nemur heildarfjölda íbúa Bandaríkjanna.

Millistéttin hefur raunar vaxið enn hraðar en spáð hafði verið og neysla hennar nú þegar 12% meiri en spár OECD höfðu sagt fyrir um 2010<sup>19</sup>. Áður en kórónuveirufaraldurinn skall á var gert ráð fyrir því að árið 2020 myndi meirihluti jarðarbúa tilheyra millistétt í fyrsta skipti í sögunni. Þessi vöxtur er nær allur rakinn til Asíu og þá sérstaklega Indlands og Kína. Sömuleiðis var gert ráð fyrir að neysla millistéttarinnar yrði tíu þúsund milljörðum Bandaríkjadala hærri árið 2022 en árið 2016 og ríflega 60% aukningarinnar yrði í Indlandi og Kína.

Árið 2030 er gert ráð fyrir að tveir þriðju hlutar millistéttar í heiminum verði í Asíu. Sé rýnt í aldursskiptingu á heimsvísu munu þrír hópar stuðla að nærri helmingi allrar neysluaukningar í heiminum á árunum 2015 til 2030<sup>20</sup>: eldri borgarar og eftirlaunaþegar í þróuðum ríkjum, einstaklingar á vinnualdri í Kína (15–59 ára) og einstaklingar á vinnualdri í Norður-Ameríku (15–59 ára).

Mynd 23 **Hlutfall af alþjóðlegri millistétt eftir svæðum (%)**




Heimild: Kharas, Homi. *The Unprecedented Expansion of the Global Middle Class: An Update*. (Brookings Institution, 2017)

18. Í greiningu Kharas er millistéttin skilgreind sem fjölskyldur sem eyða á bilinu 11–110 dollara á mann á jafnvirðisgengi (e. purchasing power parity). Kharas, Homi, *The Unprecedented Expansion Of The Global Middle Class: An Update*. Global Economy & Development Working Paper 100 (Washington, DC: Brookings Institution, 2017); Kharas, Homi, *The Emerging Middle Class In Developing Countries*. OECD Development Centre Working Papers, No. 285 (Paris: OECD Publishing, 2010).

19. Sama heimild.

20. McKinsey Global Institute, *Urban World: The Global Consumers To Watch* (McKinsey & Company, 2016).


## Mynd 24 Mannfjöldaspá Sameinuðu þjóðanna



Heimild: United Nations, Department of Economic and Social Affairs, Population Division. *World Population Prospects: The 2017 Revision*. Working Paper No. ESA/P/WP/248 (2017)

Á næstu árum má gera ráð fyrir að þjónustuviðskipti haldi áfram að aukast. Útgjöld eldri borgara í þróuðum ríkjum til heilbrigðisþjónustu munu aukast og íbúar á nýjum markaðssvæðum verja stórum hluta tekna sinna í þjónustu á borð við samskipti, ferðalög, samgöngur og veitingar. 80% jarðarbúa munu búa í stórum borgum árið 2030 og íbúar stórborga standa að baki að ríflega 90% af allri neysluaukningu á árunum 2015 til 2030.

## Mynd 25 Hlutfall Evrópubúa af mannfjölda jarðar



Heimild: Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins

Staða Íslands í þessum ríkjum er að mörgu leyti ágæt í ljósi fríverslunarsamnings við Kína og víðfeðms fríverslunarnets EFTA-ríkjanna. Vaxandi nýmarkaðsríkjum er gjarnan skipt í tvo hópa: annars vegar BRICS-ríkin (Brasilía, Rússland, Indland, Kína og Suður-Afríka) og hins vegar MINT-ríkin (Mexíkó, Indónesía, Nígería og Tyrkland). Hvað varðar BRICS-ríkin hefur verið samið við Kína, Suður-Afríku og Brasilíu. Tvíhliða fríverslunarsamningur Íslands og Kína tók gildi 2014, fríverslunarsamningur EFTA og Tollabandalags Suður-Afríkuríkja (SACU), sem Suður-Afríka er aðili að, tók gildi 2008 og samningur EFTA og Mercosur, sem Brasilía er aðili að, biður undirritunar. Jafnframt á Ísland, ásamt hinum EFTA-ríkjunum, í fríverslunarviðræðum við Indland og Rússland þótt viðræður við Rússland hafi verið á ís um nokkurra ára skeið.

Ísland hefur, ásamt hinum EFTA-ríkjunum, gert fríverslunarsamninga við tvö MINT-ríkjanna, Mexíkó og Tyrkland, og undirritaði fríverslunarsamning við Indónesíu 16. desember 2018. Jafnframt er vonast til að viðræður geti hafist við Nígeríu á næstu árum.

Sé horft til nýmarkaðsríkja Asíu má nefna að undanfarin ár hefur innan EFTA verið rætt um möguleika á auknu samstarfi við Samband Suðaustur-Asíuríkja (ASEAN). Aðild að ASEAN eiga Brúnei, Filippseyjar, Indónesía, Malasía, Mjanmar, Kambódía, Laos, Singapúr, Taíland og Víetnam. Fram til þessa hefur EFTA fylgt þeirri stefnu að semja fremur við einstök ASEAN-ríki. Af þeim hefur EFTA þegar samið við þrjú ríki (Singapúr, Filippseyjar og Indónesíu) og hefur tekið upp fríverslunarviðræður við tvö til viðbótar (Malasíu og Víetnam). Sem fyrr segir standa vonir til þess að viðræður við Taíland hefjist vorið 2020 eftir nokkurt hlé.

**Tafla 12 Tíu stærstu millistéttir heims**


Tíu neysluhæstu millistéttir heims árin 2015, 2020, 2030 á kaupmáttarkvarða ársins 2011 (PPP, constant 2011 trillion \$) og hlutfall neyslu á heimsvísu.

2015	USD þús.ma.	Hlutfall	2020	USD þús.ma.	Hlutfall	2030	USD þús.ma.	Hlutfall
Bandaríkin	4,7	13%	Kína	6,8	16%	Kína	14,3	22%
Kína	4,2	12%	Bandaríkin	4,7	11%	Indland	10,7	17%
Japan	2,1	6%	Indland	3,7	9%	Bandaríkin	4,7	7%
Indland	1,9	5%	Japan	2,1	5%	Indónesía	2,4	4%
Rússland	1,5	4%	Rússland	1,6	4%	Japan	2,1	3%
Þýskaland	1,5	4%	Þýskaland	1,5	4%	Rússland	1,6	3%
Brasilía	1,2	3%	Indónesía	1,3	3%	Þýskaland	1,5	2%
Bretland	1,1	3%	Brasilía	1,2	3%	Mexíkó	1,3	2%
Frakkland	1,1	3%	Bretland	1,2	3%	Brasilía	1,3	2%
Ítalía	0,9	3%	Frakkland	1,1	3%	Bretland	1,2	2%

Upphæðir eru í þúsundum milljarða bandaríkjadollara.

Heimild: Kharas, Homi. *The Unprecedented Expansion of the Global Middle Class: An Update.* (Brookings Institution, 2017).

**Mynd 26 Hlutfall af alþjóðlegum neysluvexti 2015-2030**



Heimild: McKinsey Global Institute

## 10.2 Breytingar á norðurslóðum

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er lögð áhersla á málefni norðurslóða með sérstöku tilliti til viðkvæms vistkerfis norðurslóða sem skuli njóta vafans við nýtingu svæðisins. Stefna Íslands í málefnum norðurslóða á sér stoð í þings-ályktun sem samþykkt var samhljóða á Alþingi árið 2011. Hún miðar að því að tryggja hagsmuni Íslands með tilliti til áhrifa loftslagsbreytinga, umhverfis- og auðlindamála, siglinga og samfélagsþróunar, auk þess að efla tengsl og samstarf við önnur ríki og hagsmunaaðila um málefni svæðisins.

Ljóst þykir að vaxandi tengsl ríkja á norðurslóðum muni leiða til aukinna viðskipta, atvinnustarfsemi og nýsköpunarsamstarfs. Fram til þessa hefur samstarf Íslands verið mest við nærsvæðin, einkum Grænland, en uppbygging sjávarútvegs og innviða þar hefur fallið mjög vel að starfsemi íslenskra fyrirtækja. Vaxandi samstarf ríkja norðurslóða mun opna á þátttöku Íslands með fleiri ríkjum sem mun þá geta lagt meira af mörkum til sameiginlegra verkefna á fjölda sviða.

Áhugi fjarlæggra ríkja á viðskiptum innan svæðisins hefur enn fremur aukist á síðustu árum. Fjölmennt ríki með víðtæka og fjölþætta viðskiptahagsmuni eins og Kína, Japan, Singapúr og Suður-Kórea hafa t.d. augljósa hagsmuni á sviði flutninga sem tengjast nýjum siglingaleiðum. Ríki Evrópusambandsins og sambandið sjálft hafa sömuleiðis sýnt norðurslóðum enn frekari áhuga, auk þess sem alþjóðleg fyrirtæki og viðskiptaaðilar, m.a. á sviðum auðlindanýtingar og vöruflutninga, horfa til norðurslóða í auknum mæli.

## Hagsmunamat á norðurslóðum

Mynd 27 **Siglingaleiðir um norðurskautið sem munu opnast á næstu árum og áratugum**



Í skýrslu stjórnvalda frá árinu 2016<sup>21</sup> um hagsmuni Íslands á norðurslóðum er lögð áhersla á að íslensk fyrirtæki búi yfir margvíslegri og fjölpætri reynslu sem þau nýta til að afla sér verkefna og viðskipta á norðurslóðum, t.d. á sviði sjávarútvegs og tengdrar þjónustu, flutninga í lofti og á sjó, mannvirkjagerðar, hönnunar og viðhalds, svo einungis helstu þættir séu nefndir.

Norðurslóðir eru strjálbýlt svæði og langt á milli byggða. Þrátt fyrir miklar auðlindir er lausn á orkuþörfum byggðanna, uppbygging innviða og innleiðing tæknilegra lausna meðal stærstu áskorana næstu áratuga. Víða skortir þekkingu og reynslu til að takast á við þessi verkefni sem íslensk fyrirtæki hafa að einhverju leyti komið að og gætu tekið að sér í mun meiri mæli en hingað til.

Þótt aukin efnahagsleg umsvif á norðurslóðum komi að ýmsu leyti ekki til af góðu, t.d. greiðar samgöngur vegna bráðnunar íss, verður ekki hjá því litið að þau veita íslenskum fyrirtækjum sóknarfæri og nýja vaxtarmöguleika. Þannig er líklegt að uppbygging og fjárfestingar geti orðið að veruleika, t.d. vegna samgangna, þjónustu við auðlindanýtingu á svæðinu og ferðaþjónustu. Íslensk fyrirtæki nýta sér nú þegar þessi sóknarfæri á eigin forsendum og geta skapað sér frekari sérstöðu á markaði sem vænlegir samstarfsaðilar eða verktakar fyrir stærri alþjóðleg fyrirtæki í krafti sérþekkingar sinnar, getu og reynslu á norðurslóðum.

Íslendingar hafa reynslu og þekkingu á sviði vatnsafls og jarðvarmavirkjana sem er hluti af heildarmynd orkumála á norðurslóðum. Það er hagsmunamál fyrir Ísland að þessir valkostir endurnýjanlegrar og umhverfisvænnar orku verði nýttir á norðurslóðum, annars vegar til að tryggja sjálfbæra þróun og sporna við aukinni losun gróðurhúsalofttegunda en einnig felast í því tækifæri fyrir íslenskt atvinnulíf.

Á síðustu árum hefur áhugi almennings á norðurslóðum einnig vaxið mikið og hefur fjöldi ferðamanna víða orðið mun meiri en íbúafjöldi á vinsælum og aðgengilegum áfangastöðum eins og á Íslandi. Fyrir heimsfaraldur kórónuveiru reyndi víða á þolmörk ferðamannastaða þar sem eftirspurnin hafði farið fram úr uppbyggingu innviða og kröfum um sjálfbærni greinarinnar ekki verið fylgt eftir. Líklegt er að ferðamönnum og áfangastöðum fjölgi á ný á komandi árum með þeim afleiðingum að ný og viðkvæmari svæði verði fyrir auknu álagi. Sókn ferðamanna norður á bóginn hefur byggst á breyttu aðgengi vegna loftslagsbreytinga, sér í lagi minnkandi hafíss, og bættra samgangna, efnahagsuppgangi og aukinni kynningu á svæðinu og vaxandi áhuga á mannlífi, menningu, náttúru og öðrum auðæfum norðursins.

Líkt og fram kemur í fyrrnefndri skýrslu frá 2016 hafa á jaðri norðurslóða myndast tengistöðvar flutninga og samgangna inn á svæðið, eins og Vancouver á vesturströnd Kanada er þekkt dæmi um. Þetta byggist á góðum tengslum við alþjóðlegt farþegaflug og vöruflutninga, góðum innviðum, framboði á afþreyingu fyrir ferðamenn og úrvali af vörum og þjónustu fyrir ferðir inn á

21. Forsætisráðuneytið, *Hagsmunir Íslands á norðurslóðum. Tækifæri og áskoranir* (2016).

heimskautasvæðið. Lega Íslands í miðju Atlantshafi gerir það að álitlegri tengi- miðstöð fyrir ferðir og flutninga lengra til norðurs. Alþjóðleg björgunar- og vöktunarstarfsemi á Íslandi mun enn fremur styrkja þá stöðu.

Til að stuðla að auknum viðskiptum innan svæðisins er jafnframt mikilvægt að lágmarka viðskiptahindranir svo auðvelda megi hagnýtingu viðskiptatækifæra á norðurslóðum. Ýmsar hugmyndir hafa komið fram um hvernig megi efla viðskipti á norðurslóðum og bæta viðskiptaumhverfið, t.d. um fríverslunarsamning innan svæðisins, þótt engin formleg vinna sé hafin við slíkt.

Í október 2019 skipaði utanríkisráðherra starfshóp til að greina efnahagsþróun á norðurslóðum og gera tillögur um ápreifanlegar aðgerðir sem hægt væri að framkvæma á næstu árum til að tryggja sem best hagsmuni Íslands. Hópurinn mun skila niðurstöðum á næstu vikum.

## Formennska Íslands í Norðurskautsráðinu

Ísland tók í maí 2019 við formennsku í Norðurskautsráðinu til tveggja ára. Með sjálfbæra þróun að leiðarljósi beinir íslenska formennskan m.a. kastljósinu að málefnum hafsins, loftslagsmálum og endurnýjanlegri orku, auk styrkingar samfélaga á norðurslóðum. Horft er jafnt til hinna þriggja stöða sjálfbærrar þróunar – umhverfisþátta, félagslegra þátta og efnahagslegra þátta.

Á formennskutímabilinu hefur verið leitast við að efla samstarf Norðurskautsráðsins við Efnahagsráð norðurslóða (e. Arctic Economic Council). Ísland átti ríkan þátt í að Efnahagsráðið var stofnað árið 2014 sem sjálfstæður vettvangur með það að markmiði að stuðla að sjálfbærum efnahagsvexti og samfélagsþróun á norðurslóðum, sem og stöðugu og gagnsæju viðskiptaumhverfi. Í Efnahagsráðinu sitja fulltrúar atvinnulífsins frá aðildarríkjum Norðurskautsráðsins, ásamt fulltrúum frumbyggjasamtaka á norðurslóðum. Fulltrúar Íslands eru tilnefndir af Norðurslóðaviðskiptaráði (e. Icelandic-Arctic Chamber of Commerce), sem starfað hefur innan vébanda Viðskiptaráðs Íslands frá 2013. Markmið ráðsins er að efla og viðhalda viðskiptatengslum milli Íslands og annarra norðurslóðaríkja.

## 10.3 Áherslan á sjálfbærni

Sjálfbærni hefur á undanförunum árum orðið lykilþáttur í alþjóðlegri samvinnu eins og sést best á heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna sem samþykkt voru fyrir fimm árum. Íslensk stjórnvöld hafa einsett sér að vinna ötullega að framkvæmd heimsmarkmiðanna og standa við Parísarskuldbindingar sínar.

Aðkoma atvinnulífsins mun skipta sköpum eigi þessi markmið að nást. Á Íslandi virðist ríkja nokkur samstaða um að stefnt skuli að aukinni sjálfbærni í íslensku atvinnulífi enda er sjálfbærni forsenda fyrir ábatasamt atvinnulíf til skamms og langs tíma. Sú var enda niðurstaða víðtæks samráðs Íslandsstofu um stefnumótun í útflutnings- og markaðsstarfi fyrir næsta áratug: að Ísland yrði þekkt sem leiðandi land á sviði sjálfbærni.

## Áhrif loftslagsbreytinga á viðskipti

Loftslagsbreytingar eru einn helsti óvissuþáttur í langtímaáætlunum fyrirtækja og fjárfesta. Fyrirtæki gera sér grein fyrir þessari hættu og hafa rúmlega 800 alþjóðleg fyrirtæki<sup>22</sup>, allt frá IKEA til Coca Cola, nú myndað sambandið „We Mean Business Coalition“ þar sem fyrirtækin skuldbinda sig til að fjárfesta í sjálfbærum leiðum og orkuskiptum sem miða að kolefnishlutlausri framtíð. Samkvæmt rannsókn<sup>23</sup> sem unnin var á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar telja stjórnendur fyrirtækja á Norðurlöndunum sömuleiðis að Norðurlöndin ættu að vera fyrirmyndir og leiðtogar í þessum efnum. Nýsköpun og umhverfisvænar lausnir skapi viðskiptatækifæri og geri fyrirtækin samkeppnishæfari. Þá sýna rannsóknir<sup>24</sup> einnig að sífellt fleiri neytendur kjósa umhverfisvænar vörur fram yfir vörur með stórt kolefnisfótspor. Mikill vilji er meðal fyrirtækja á Norðurlöndum til að minnka kolefnisfótspor sitt og til að vera hluti af lausninni þegar kemur að loftslagsbreytingum.

Fyrirtæki og neytendur þrýsta jafnframt á ríki og alþjóðastofnanir að setja fram stefnur og hvata í alþjóðaviðskiptum sem hluta af aðgerðum sínum í loftslagsmálum. Í þessu samhengi má nefna að ákvæði um loftslagsmál var tekið inn í samningsmódel EFTA fyrir kaflann um viðskipti og sjálfbæra þróun á ráðherra-fundi vorið 2018. Slík ákvæði eru í samningi EFTA við Singapúr, Ekvador og einnig í drögum að samningi við Mercosur-ríkin. Í ákvæðinu eru skuldbindingar ríkjanna á sviði loftslagsmála áréttáðar og vilji þeirra að efla framlag viðskipta og fjárfestinga til samdráttar í losun og því að starfa saman á þessu sviði.

Ísland hefur, eins og önnur ríki, skuldbundið sig til að vinna að markmiðum Parísarsamkomulagsins um að halda hlýnun andrúmsloftsins vel innan marka samkomulagsins. Ísland hefur nú skipað sér í hóp þeirra ríkja sem ætla sér að hraða aðgerðum til að koma böndum á útblástur gróðurhúsalofttegunda og stefnir á minnkun útblásurs um 55% fyrir 2030 og kolefnishlutleysi ekki síðar en 2040.<sup>25</sup>

Þessi uppfærðu markmið eru í raun uppfærsla á þeim markmiðum sem Ísland (og Noregur) skuldbatt sig til að uppfylla með þátttöku í sameiginlegri loftslagsstefnu Evrópusambandsins á grundvelli EES undir lok síðasta árs. Evrópusambandið hefur nú uppfært sín markmið á svipuðum nótum en stefnir þó ekki á kolefnishlutleysi fyrr en 2050.

Til að ná þessum markmiðum þarf Ísland að ráðast í ýmsar aðgerðir varðandi bindingu kolefnis og nýtingu hreinna, sjálfbærra, innlendra orkugjafa. Rafvæðing bílaflotans er nú í fullum gangi. Þróa þarf og nýta innlenda orkugjafa og orkubera, svo sem eldsneyti sem byggir á nýtingu hreinnar, sjálfbærrar orku til framleiðslu á rafeldsneyti (vetni, metanól, metan, ammóníak) og síðan

22. We Mean Business, „Take Action,“ sótt 15. jan. 2019, [wemeanbusinesscoalition.org/take-action](http://wemeanbusinesscoalition.org/take-action)

23. Ekelund, Nina og Nils Westling, the Haga Initiative, Nordic businesses on climate transition, competitiveness and growth – An interview study among leading businesses in the Nordics (Kaupmannahöfn: Nordic Council of Ministers, 2018).

24. Carbon Credit Capital, Consumer Survey on Low Carbon Products (2017).

25. Forsætisráðuneytið, umhverfis- og auðlindaráðuneytið, utanríkisráðuneytið, „Ný metnaðarfull markmið í loftslagsmálum kynnt“, 2020. [stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2020/12/10/Ny-metnadarfull-markmid-i-loftslagsmalum-kynnt](http://stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2020/12/10/Ny-metnadarfull-markmid-i-loftslagsmalum-kynnt)



mögulega þróun lífeldsneytis, svo sem úr repju, sjávarfangi og sjávargróðri. Eldsneyti af þessu tagi mætti nýta til að knýja stóra flutningabíla, vinnuvélar, skip og flugvélar en útblástur frá flugi og skipaflutningum er sá þáttur sem hefur vaxið einna mest á undanförunum árum. Þá má búast við að tækifæri geti skapast varðandi niðurdælingu koltvíldis með CarbFix aðferðinni, bæði með niðurdælingu koltvíldis frá innlendum stóriðnaði sem leiddi til að sú framleiðsla hér á landi fengi algera sérstöðu á mörkuðum og síðan mögulegum innflutningi á koltvíldi til eyðingar. Skógrækt, landgræðsla og endurheimt votlendis eru síðan aðgerðir sem ráðast þarf í til að tryggja kolefnishlutleysi. Allir þessir þættir geta skapað ný atvinnutækifæri ásamt því að auka útflutningstekjur og ekki síður spara innflutta orkugjafa.

## Samningur um viðskipti, loftslagsbreytingar og sjálfbæra þróun

Ísland, Noregur, Sviss, Nýja-Sjáland, Kosta Ríka og Fídjíeyjar hafa ákveðið að hefja samningaviðræður um viðskipti, loftslagsbreytingar og sjálfbæra þróun. Viðræðurnar hófust haustið 2020 undir forræði utanríkisráðuneytisins í nánú samstarfi, eins og hingað til, við forsætisráðuneytið, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, umhverfis- og auðlindaráðuneytið, fjármála- og efnahagsráðuneytið og tollstjóraembættið.

Markmiðið með þessu er að lítill hópur líkt þenkjandi ríkja sem hafa náð góðum árangri á sviði umhverfismála og sjálfbærni vinni saman að metnaðarfullum samningi sem síðan verði opinn fyrir önnur ríki. Hugmyndin er að þátttökuríkin verði leiðandi á þessu sviði og sýni í verki vilja til að draga úr loftslagsbreytingum með því að stuðla að auknum viðskiptum með umhverfisvænar vörur.

Samningaviðræðurnar miða að því að afnema tolla á umhverfisvænar vörur, auka frelsi varðandi umhverfisvæna þjónustu, afnema skaðlega ríkisstyrki á jarðefnaeldsneyti og útbúa leiðbeiningar um þróun og notkun umhverfismerkinga. Um árabíl reyndu aðildarríki Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, og síðar afmarkaður hópur ríkja, að gera samning um afnám eða lækkun tolla á umhverfisvænar vörur. Viðræðurnar strönduðu alltaf á því hvaða vörur ætti að skilgreina sem umhverfisvænar.

## Heimildir

- Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið, „Miklar fjárfestingar í íslenskum nýsköpunar- og tæknifyrirtækjum á árinu 2020“, 2020. stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2020/12/02/Miklar-fjarfestingar-i-islenskum-nyskopunar-og-taeknifyrirtaekjum-a-arinu-2020-
- BBC. „Timeline: World Trade Organization.“ Síðast uppfært 15. febrúar 2012. news.bbc.co.uk/2/hi/europe/country\_profiles/2430089.stm
- Carbon Credit Capital. *Consumer Survey on Low Carbon Products*. 2017.
- China Power Team. „How influential is China in the World Trade Organization?“ China Power, 2019. Síðast uppfært 28. janúar 2020. chinapower.csis.org/china-world-trade-organization-wto
- EFTA. efta.int
- Ekelund, Nina og Nils Westling, the Haga Initiative. *Nordic businesses on climate transition, competitiveness and growth – An interview study among leading businesses in the Nordics*. Kaupmannahöfn: Nordic Council of Ministers, 2018.
- Forsætisráðuneytið. *Hagsmunir Íslands á norðurslóðum. Tækifæri og áskoranir*. Reykjavík: 2016.
- Forsætisráðuneytið, umhverfis- og auðlindaráðuneytið, utanríkisráðuneytið, „Ný metnaðarfull markmið í loftlagsmálum kynnt“, 2020. stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2020/12/10/Ny-metnadarfull-markmid-i-loftslagsmalum-kynnt
- Frumvarp til laga um breytingu á lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, lögum um matvæli og lögum um eftirlit með fódri, áburði og sáðvöru (innflutningur búfjárafurða). Þskj. 1217, 766. mál, 2018-2019. Vefútgáfa Alþingistíðinda. Sótt 10. febrúar 2020. althingi.is/altext/149/s/1217.html
- Hagstofa Íslands. „Vöruviðskipti.“ Sótt 7. september 2020. hagstofa.is/talnaefni/efnahagur/utanrikisverslun/voruvideoskipti
- Hagstofa Íslands, Vöru- og þjónustuvideoskipti, samanteknar upplýsingar frá Hagstofu Íslands, 27. ágúst 2020.
- Hagstofa Íslands, „Vöru- og þjónustujöfnuður á öðrum ársfjórðungi 2020 neikvæður um 5,4 milljarða.“, 26. ágúst 2020. hagstofa.is/utgafur/frettasafn/utanrikisverslun/voru-og-thjonustuvideoskipti-a-2-arsfjordungi-2020-bradabirgdatolur
- Hagstofa Íslands, „Vöru- og þjónustujöfnuður á þriðja ársfjórðungi 2020 neikvæður um 13,6 milljarða.“, 26. nóvember 2020. hagstofa.is/utgafur/frettasafn/utanrikisverslun/voru-og-thjonustuvideoskipti-a-3-arsfjordungi-2020-bradabirgdatolur
- Hagstofa Íslands, „Vöruviðskiptajöfnuður neikvæður um 11,6 milljarða króna í júlí 2020“, 26. ágúst 2020. hagstofa.is/utgafur/frettasafn/utanrikisverslun/voruvideoskipti-januar-juli-2020

Hagstofa Íslands. „Þjónustuviðskipti.“ Sótt 7. september 2020. [hagstofa.is/talnaefni/efnahagur/utanrikisverslun/thjonustuvideoskipti](http://hagstofa.is/talnaefni/efnahagur/utanrikisverslun/thjonustuvideoskipti)

International Monetary Fund. *World Economic Outlook: Global Manufacturing Downturn, Rising Trade Barriers*. Washington, DC: October 2018.

International Monetary Fund, World Economic Outlook. A Long and Difficult Ascent. Washington, DC: October 2020.

Kharas, Homi. *The Emerging Middle Class In Developing Countries*. OECD Development Centre Working Papers, No. 285. Paris: OECD Publishing, 2010.

Kharas, Homi. *The Unprecedented Expansion Of The Global Middle Class: An Update*. Global Economy & Development Working Paper 100. Washington, DC: Brookings Institution, 2017.

McKinsey Global Institute. *Urban World: The Global Consumers To Watch*. McKinsey & Company, 2016.

McKinsey Scandinavia. *Charting a Growth Path for Iceland*. McKinsey & Company, 2012.

We Mean Business. „Take Action.“ Sótt 15. janúar 2019  
[wemeanbusinesscoalition.org/take-action](http://wemeanbusinesscoalition.org/take-action)

World Bank. „World Bank Open Data.“ [data.worldbank.org](http://data.worldbank.org) Sótt 7. September 2020.

World Trade Organization. „WTO Data.“ [data.wto.org](http://data.wto.org) Sótt 7. September 2020.

World Trade Organization, „Cross-Border Mobility, COVID-19 and Global Trade. Information Note“, August 2020.

WTO Secretariat. *Trade Policy Review Report: Iceland, Revision*. WT/TPR/S/361/Rev.1. 2018.

WTO Secretariat. *Trade Policy Review Report: European Union*. WT/TPR/S/395. 2019.

WTO Secretariat. *Trade Policy Review Report: Norway, Revision*. WT/TPR/S/373/Rev.1. 2019.

WTO Secretariat. *Trade Policy Review Report: Switzerland and Liechtenstein, Revision*. WT/TPR/S/355/Rev.1. 2017.

# Áfram gakk!

Utanríkisviðskiptastefna  
Íslands